

Milli goðsagnar & Veruleika

nútimalist frá
arabaheiminum




LISTASAFN Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

Between & Legend Reality

*Modern Art from
the Arab World*



LISTASAFN Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM

Milli
E godsagnar
Veruleika nútímalist frá
arabaheiminum

"بين الحقيقة والأسطورة:
فن معاصر من العالم العربي"



Í samvinnu við Konunglega fagurlistasafnið í Jórdaníu

Listasafnið á Akureyri

27. júlí – 8. september 2002

Listasafn Reykjavíkur • Hafnarhús

23. nóvember 2002 – 19. janúar 2003

Milli goðsagnar og veruleika: Nútimalist frá arabahéiminum

Útgefandi LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI® 2002 í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur

Ritstjóri Hannes Sigurðsson

Sýningstarstjórar Hannes Sigurðsson • Widjan Ali • Eirikur Þorláksson

Grafisk hönnun Alma Dís Kristinsdóttir

Þýðingar Árni Óskarsson & Bernard Scudder

Yfirlestur Árni Óskarsson • Bernard Scudder • Hannes Sigurðsson • Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Kápumynd Suleiman Mansour frá Palestínú • *Móðirin* • Olía á striga • 1986

Kortagerð Gói (Guðmundur Ingvarsson)

Prentun Gutenberg

Pappír Innsíður: Mediaprint Matt 135g • Kápa: Intercote G 280g

Leturgerð Meginmál: FilosofiaGrand 10,7 punktar á 12,5 fæti • Fyrirsagnir: Calligraphic 810

ISBN 9979-9422-3-1

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Íslandssimi C

—er styrktarðili Listasafns Reykjavíkur

Menntamálaráðuneytið styrkti verkefnið

Efnisyfirlit

Listamennirnir

Upplýsingar um listamennina

- 001
002
003
004
005
006
007
008
009
010
011
012
013
014
015
016
017
018
019
020
021
022
023
024
025
026
027
028
029
030
031
032
033
034
035
036
037
038
039
040

Verkin á sýningunni

Upplýsingar um verkin

Milli & goðsagnar veruleika


Aðfaraorð

Hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september mörkuðu þáttaskil í samskiptum þjóða. Vesturlandabúar voru rækilega minntir á að þeir eru ekki einir í heiminum. Likt og þegar Kennedy var myrtur muna sennilega flestir sem komnir eru til vits og ára hvar þeir voru staddir þegar þessi hörmulegi atburður átti sér stað. Hann opnaði augu okkar fyrir því að fákunnáttu og fordómar í garð annarra menningarheimta geta aðeins alið af sér hatur sem brýst oft fram með heiftarlegum afleiðingum. Æn 11. september var líka vatn á myllu hergagnaframleiðenda. Ískyggilegum fjárhæðum er nú varið til vopnaframleiðslu og leynipjónustustarfsemi til að verjast hinum skuggalega ógnvaldi og óvænt hernaðarbandalög hafa myndast sem ekki hefðu komið til greina fyrir þennan atburð.

Fáfræði gefur fordóum lausan tauminn, en þeir kunna aldrei góðri lukku að stýra. Ær nema furða þótt stefni í óefni í samskiptum araba og Vesturlanda.

Deila Palestínumann og Ísraela, sem við höfum öll blandast inn í, er ekki sprottin af trúarlegum rótum. Íslam hvetur til umburðarlyndis gagnvart öðrum trúarbrögðum og á margt sameiginlegt með bæði kristni og gyðingdómi. Átökin snúast um landsvæði, auðlindir, peninga og völd sem fórnarlömb deiluaðila þurfa að greiða fyrir með lifi og limum, eyðileggingu og ólysánlegum hörmungum. Í þessum hnafaleikahring er barist endalaust upp á lif og dauða, en Vesturveldin virðast gera litid annað en að klappa slagsmálahundunum á bakið milli lota við ærslafullar undirtektir fjölmíðla. Réttvisinni er misboðið á báða bóga og hún snýst í hringi.

Okkur er ekki tamt að skynja heiminn sem eina heild þótt hlutar hans séu jafn órjúfanlega tengdir og haf og strönd. Þekking Íslendinga á íslam og heimi araba er mjög af skornum skammti og þessi viðfangsefni fá litla athygli í hinu almenna skóla-kerfi. Þrátt fyrir að fjölmíðlar hafi um árabíl verið uppfyllir af fréttum um Palestínu og Ísrael, innrás Íraka í Kúveit og Persaflóastríðið, veit almenningur harla litid um einstök arabalond, tengsl þeirra innbyrðis í gegnum aldirnar eða einstaklinga sem skarað hafa fram úr og eru einhverra hluta vegna nafngreindir í „þeirra“ sögubókum. Fáfræði gefur fordóum lausan tauminn, en þeir kunna aldrei góðri lukku að stýra. Sé svipað uppi á teningnum í skólakerfi arabaríkjanna og þar dregin upp jafn einfeldningsleg mynd og hér er lýst af Evrópu og Norður-Ameríku, landafundunum, visindauppgötvunum eða þróun mannréttindamála, þá er ekki að furða þótt stefni í óefni í samskiptum araba og Vesturlanda.



Menning araba hefur fært heiminum ómetanleg verðmæti. Egypsku pyramídarnir voru reistir árbúsundum áður en landnam Íslands átti sér stað. Árið 711 eftir Krist réðust Márar (arabar frá Marokkó) inn í Spán og lögðu hánn undir sig, og meðan á langri valdatíð þeirra stóð komust Vesturlönd i tærí við byltingarkenndar uppgötvanir á svíði læknингa og vísinda. Þá kynntust Evrópubúar einnig nýjum matvælum og uppgötvuðu meira að segja á ný heimspeki Grikkja, „vögguvestrænnar menningar“, sem arabar höfðu þytt á sína tungu. Arabar uppgötvuðu nullid; án þess gætum við ekki einu sinni rifist um hvenær 21. öldin byrjaði. Og ártalið hefðum við orðið að skrifa með rómverskum tölum, því arabar eiga líka heiðurinn af talnákerfi okkar. Þeir færðu okkur algebru, appelsinur, ammónium, baðmull, döðlur, eggaldin, fískjur, háskóla, hrisgrjón, kaffi, kvikasilfur, sítrónur, skák, spinat, vatnsmelónur, vatnsúr og vökvapressur, svo fátt eitt sé talið. Þeir sóttreinsuðu vatn fyrstir manna, fundu upp pendúlinn og sjóngler, reistu stjörnuathugunarstöðvar og reiknuðu út snúning jarðar 500 árum á undan Galileo. Af tökuordum úr arabískum má nefna almanak, banana, divan, sófa, sandala og Satan.

Saga araba er – líkt og saga Evrópubúa – skráð afrekum, sigrum og ósigrum. Nylandustefnan fór um arabalöndin eins og eldur í sinu á 19. og 20. öld, þegar Evrópuríkin skiptu löndum araba á milli sín án nokkurs tillits til vilja ibúanna. Aflleiðingar þessarar stefnu hafa verið eitt helsta fréttaeftni heimsins frá arabalöndum allar gótur síðan.

Sýningunni sem hér kemur íslenskum almenningi fyrir sjónir frá hinu Konunglega fagurlistasafni Jórdaniu í Amman er ætlað að varpa nýju ljósí á heim araba sem verið hefur svo mikil í kastljósi vestrænna fjölmíðla að undanförnu. Í þeirri trú að menningarsamskipti geti leitt til aukins skilnings og umburðarlyndis milli ólikra þjóða. Á sýningunni er reynt að draga upp mynd af stöðu nútimalistar í þessum heimshluta með úrvali verka eftir þeim karla og konur frá sextán arabalöndum – Al-sír, Barein, Egyptalandi, Írajk, Jemen, Jórdaniu, Katar, Libanon, Libyá, Marokkó, Palestínu, Sameinuðu arabísku fustadæmum (SAF), Sádi-Arabiu, Súdan, Sýrlandi og Túnis. Verkin á sýningunni veita vonandi innsýn í hugarheim við-komandi listamanna jafnframt því sem áhorfendur fá að kynnast þeim margvislegu stílgegundum og stefnum sem þar eru við lýði. Annars vegar er um ræða verk sem tengjast náið trúarbrögðum, kynferði og pólitík, og hins vegar gefur að líta afturhvarf til hefðarinnar þar sem listamennirnir sækja efnivið í sagnfræðilegan og andlegan uppruna sinn. Þrátt fyrir að allir íslamskir nútimalistamenn hafi hlutið skóluð á vestræna visu eiga þeir flestir það sameiginlegt að leita eftir listrænum auðkennum sem geta tengt saman rætur þeirra, menntun og daglega tilveru.

A sýningunni „Milli godasagnar og veruleika“ eru verk eftir 46 myndlistarmenn frá sextán arabalöndum.

Arabar uppgötvuðu nullid en án þess gætum við ekki einu sinni rifist um hvenær 21. öldin byrjaði. Og ártalið hefðum við orðið að skrifa með rómverskum tölum. Af tökuordum úr arabískum má nefna almanak, banana, divan, sófa, sandala og Satan.

*Nú er öldin önnur.
Jórdania er glugginn sem
opnast í þáðar áttir,
mót stjörnum og mána.*

Hið Konunglega fagurlistasafn Jórdaniu er hið eina sinnar tegundar á þessum slóðum, en það var stofnað árið 1980. Eftir að landið hlaut sjálfstæði frá Bretum 1946 var það lengst af undir stjórn Husseins konungs sem lést 1999, en þá tók tók sonur hans Abdullah við völdum. Jórdania er í dag langt á veg komin með að tengja sina eigin arfleifð við fjölbjóðlegan, markaðslegan hugsunarátt. Konur jafnt sem karlar fá kosningarátt tuttugu ára. 92 prósent Jórdana eru müslimar en 6 prósent kristnir. Eitt sinn var haft á orði að Hussein konungur væri stærri en Jórdania. Nú er öldin önnur. Jórdania er glugginn sem opnast í þáðar áttir, móti stjörnum og mána.

Sérstakar þakkir ber að færa hennar konunglegu háttign. dr. Wijdan Ali prinsessu, sem ekki er aðeins doktor í islamskri myndlist frá Lundúnaháskóla, heldur ötull talmaður þess sjónarmiðs að menning og listir gegni mikilvægum tilgangi í alþjóðlegum samskiptum. Án ræðismanns okkar í Jórdaniu, Stefaniu Reinhardssóttur Khalifeh, hefði þessi sýning þó aldrei orðið að veruleika.

Gestum sýningarinnar er boðið að njóta þeirrar listar sem hér er á boðstórum – og eru um leið beðnir að hugsa sig um tvívar áður en þeir dæma.

Hannes Sigurðsson
forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri

Eirikur Þorláksson
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM

”بين الحقيقة والأسطورة: فن معاصر من العالم العربي”

Nútímalist frá arabaheiminum

eftir Widjan Ali



Hvað er nútímalist og til hvers visar hún? Svörin við þessum spurningum eru afstæð og fara eftir heimshlutum, timaramma og menningarlegum bakgrunni viðkomandi lands. Til að tengja nútímalist arabískri myndlist verður því að fara nokkrar aldir aftur í timann.

Arabaheiminum tilheyra Alsir, Barein, Egyptaland, Írak, Jórdania, Kúveit, Libanon, Libýa, Marokkó, Óman, Palestina, Katar, Sádi-Arabia, Súdan, Sýrland, Túnis, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Jemen, og hann nær yfir Miðausturlönd (eða svæðið við austanvert Miðjarðarhað), Arabíuskaga og Norður-Afriku. Frá því um miðja 16. öld tilheyrðu öll þessi lönd Tyrkjaveldi að frátoldu Marokkó, eina landsvæði araba sem yfírráð Tyrkja náðu ekki til. Þess vegna gætir ekki tyrkneskra áhrifa í marokkóskri menningu og myndlist sem eiga sér langa og óslitna hefð sem nær aftur til ríkis Mára á Spáni.

Fyrstu arabaríkin í Miðausturlöndum sem tileinkuðu sér vestræna myndlist voru Libanon og Egyptaland. Fyrstu straumarnir frá Vesturlöndum bárust til Libanon með evrópskum trúboðum sem stofnuðu klaustur og trúboðsskóla í fjöllum og innleiddu prentvélina. Á 18. öld lögðu trúboðarnir í Libanon grunninn að menningarlfí, félagskerfi og stjórmálastarfí sem studdist við kristna trú og leiddi til menningarlegrar og listrænnar vakningar. Fyrir tilstuðlan kirkjunnar ávann gotneskur still sér vinsældir í Libanon á 18. öld svo þar varð meira að segja til gotneskur skóli í trúarlegri myndlist.

Með innrás herja Napóleons í Egyptaland árið 1798 komst landið undir evrópsk yfírráð sem ollu því að það varð fyrsta arabalandið á 19. öld sem komst í verulega snertingu við myndlist Vesturlanda. Þetta var í fyrsta sinn frá því í krossferðunum sem vestrænt ríki réðst inn í arabaland ekki aðeins fyrir tilstyrk herafla síns heldur líka menntamanna sinna, listamanna, sagnfræðinga og rithófundu. Þegar Napóleon stofnaði Akademiu í Austurlandafræðum hófst bylgja Austurlandaáhuga á Vesturlöndum og meðal Evrópubúa kvíknaði áhugi á visinda- og bókmennatafrekum araba sem og á því sem framtíðin bæri í skauti sér í hernaðarlegu, félagslegu, pólitisku og efnahagslegu tilliti. Á hinn bóginn komust íbúar Miðausturlanda í nána snertingu við vestræna síðmenningu.

Frá Konunglega
fagurlistasafninu
i Jórdaniu

Fyrstu arabaríkin í
Miðausturlöndum sem
tileinkuðu sér vestræna
myndlist voru Libanon
og Egyptaland. Fyrstu
straumarnir frá Vestur-
löndum bárust til Libanon
með evrópskum trúboðum
sem stofnuðu klaustur og
trúboðsskóla í fjöllum
og innleiddu prentvélina.

001
002
003
004
005
006
007
008
009
010
011
012
013
014
015
016
017
018
019
020
021
022
023
024
025
026
027
028
029
030
031
032
033
034
035
036
037
038
039
040

Málverk, málúð á trónum, eru tiltölulega nýlegt fyrirbæri í myndlist araba. Eftir því sem hinn fagurfræðilegi og skapandi þráður hefðbundinnar islamskrar myndlistar trosnaði á 19. öld varð arabisk menning móttækilegri fyrir vestrænum listformum og stiltegundum sem höfðu rutt sér til rúms í arabaheiminum vegna pólitískra, efnahagslegra, visindalegra og hernaðarlegra yfirburða og yfírráða Vesturlanda. Um miðja 19. öld hafði vestræn Austurlandahygga (orientalism)¹ náð hámarki í Evrópu og fjölmargir erlendir listamenn, þeirra á meðal David Roberts og Eugène Fromentin, komu til Egyptalands og máluðu þjóðhætti, söguleg mannvirki og landslag á mjög ýktan og rómantískan hátt. Aðrir, eins og Jean-Léon Gérôme sem dvaldist í Kairó ýmist í nokkra mánuði eða nokkur ár í senn, kynnti landsmönnum vestræna málaralist.

Bættar samgöngur milli Evrópu og arabalandanna urðu til þess að evrópskra áhrifa tok að gæta í arabaheiminum í siauknum mæli og þegar fram í sótti tók vestræn nylendustefna að breiðast út. Um leið vestræn myndlist og menning.

Bættar samgöngur milli Evrópu og arabalandanna urðu til þess að evrópskra áhrifa tók að gæta í arabaheiminum í siauknum mæli og þegar fram í sótti tók vestræn nylendustefna að breiðast út og um leið vestræn myndlist og menning. Frá lokum 19. aldar átti sér stað listræn endursæðing í Norður-Afriku og Miðausturlöndum sem að lokum leiddi til þess að róttækar breytingar urðu í fagurfræði og ný listræn þróun átti sér stað innan myndlistarinnar.

Yusuf Kamal prins, meðlimur í egypsku konungsfjólskyldunni og áhugasamur velunnari hinna fögru lista, opnaði Myndlistaskólann í Kairó árið 1908. Hann réð erlenda listamenn sem kennara og kom þannig á fót fyrstu stofnun í arabaheiminum sem kenndi vestræna myndlist. Fyrstu nemendurnir urðu kjarninn í frumkvöðlakynslöð arabískra nútímalistamanna. Í öðrum arabalöndum, svo sem Írak og Sýrlandi, einskorðaðist myndlistin á sama tíma við hefðir frá dögum Tyrkjaveldisins.

Súdan varð pólitisk eining eftir að Tyrkir og Egyptar lögðu sveðið undir sig árið 1821 og Bretar hernámu það í lok 19. aldar þar til það varð sjálfstætt árið 1951. Þetta er land með faraóskan, afrískan, koptískan og íslamskan menningarbakgrunn. Nútímalist, sérstaklega málaralist, er ungt fyrirbæri í súdanskri menningu því að hennar sá ekki stað fyrr en á fimmta áratugnum. Súdonsk nútímalist tók stórtigum framförum milli 1950 og 1960.

Við endalok fyrri heimsstyrjaldarinnar árið 1918 lauk veldi Tyrkja yfir arabheiminum. Árið 1919 fengu Frakkar umboð til að stjórna Líbanon og Sýrlandi, en Írak, Jórdan og Palestínu var skipað undir stjórn Bretta og Egyptaland varð breskt verndarríki. Ölikt frónsku nylenduherrunum höfðu umboðsstjórnir Bretta einkum áhuga á því að þjálfa upp hæfa opinbera starfsmenn og gerðu sér ekki far um að stuðla að menningarlegri grósku landanna sem lutu stjórn þeirra. Í Írak, Jórdaníu og Palestínu voru því myndlistarmenntun og stuðningur við myndlistarmenn neðarlega á forganglista þeirra. Þess vegna voru jódanskir og palestínskir myndlistarmenn á timabilinu eftir 1950 allir sjálfmenntaðir áhugamenn sem stunduðu myndlistina í hjáverkum og myndlistarhreyfingar í báðum löndum tóku að myndast á sjötta og sjóunda áratugnum í áðurnefndri röð.

1. Austurlandahygga (orientalism) er hreyfing í myndlist og bókmenntum sem höfst á 19. öld sem andsvar við drunganum í tengslum við iðnbýtinguna í Evrópu. Myndlistarmenn og ritlhófundar snuru sér til arabískra og íslamska austursins til að tjá það sem þeir tildu vera rómantískan andblæ þess, dulúð og ástrið í afar ýktum figuratífum stíl.

Í Írak hóf hópur liðsforingja sem hafði fengið þjálfun í tyrkneskum herskólum í Istanbul að mála með olíu á striga um aldamótin. Þeir urðu frumkvöðlar í þróun iraskrar nútímagyndlistar. Þessi listamannahópur varð fyrstur til að kynna frókum vestræna myndlist með verkum sínum, einkakennslu og kennslu í framhaldsskólam. Á fjórða áratugnum urðu framfarir á menningarsviðinu þegar írök stjórnvöld tóku að hvetja myndlistarmenn til dáða. Árið 1931 hóf ríkisstjórnin, samkvæmt fyrir mælum Faisals I konungs, að úthluta námsstyrkjum til myndlistarnáms erlendis og árið 1936 setti menntamálaráðuneytið á laggirnar Tónlistarstofnunina sem var breytt í Listastofnunina árið 1939. Það var á sjóunda áratugnum sem vestræn fagurfræði og nútímalist fóru að láta á sér kræla á Arabiuskaganum þar sem nú eru ríkin Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Jemen. Tveir þættir sem stuðluðu mjög að því að kynna vestræna myndlist í löndunum við Persaflóann voru að komið var á fót nútímalegu menntakerfi á sjötta áratugnum og stjórnvöld veittu stúdentum styrki til að nema myndlist erlendis.

Í Norður-Afriku lagði franski herinn undir sig Alsír árið 1830 og gerði að hluta af Frakklandi en ekki nylendu eða verndarriki. Móðurlandið, Frakkland, leit að það sem skyldu sina að „siðmennta“ hið nýfengna yfirráðasvæði og ibúa þess. Árið 1881 hætti Túnis að tilheyra Tyrkjaveldi og varð fransk verndarriki þar til það fékk sjálfstæði árið 1955. Eugène Delacroix varð fyrstur franskra málara til að heimsækja bæði Alsír og Túnis árið 1832. Allmargir franskir orientalistar fylgdu síðan í fotspor hans, sumir fluttu jafnvel búferlum og settust að og störfuðu í Norður-Afriku. Centre d'Art í Túnis var fyrsti listaskólinn sem opnaður var í Norður-Afriku árið 1923. En fram að sjálfstæði 1955 var þó fjöldi túniskra nemenda óverulegur í samanburði við erlenda stúdenta.

Fyrst var farið að mála málverk i Marokkó á tímabilinu eftir að landið varð fransk verndarriki árið 1912 og spænskt svæði var stofnað á norðanverðri Miðjarðarhafsströnd þess. Likt og í Egyptalandi voru það orientalistarnir sem kynntu evrópska málalist í Alsír, Túnis og Marokkó.

Flest arabariki fengu sjálfstæði frá nylendustjórn Bretta og Frakka á tímabilinu frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar fram á miðjan sjötta áratuginn. Þótt pólitisk, efnahagsleg og félagsleg þróun hafi frá 19. öld stuðlað að hnignun hefðbundinna listgreina í arabheiminum hefur hún jafnframt skapað skilyrði fyrir nútímalegar myndlistarhreyfingar sem tóku mið af vestrænni fagurfræði en lánaðist samt að skapa sér sinn sérstaka stíl í höggmyndalist og málalist með því að sækja í fornar hefðir sínar og tengja þær alþjóðlegum straumum í myndlist. Um miðja 20. öld hafði rutt sér til ríums nútímaleg arabísk myndlist, byggð á vestrænni fagurfræði og viðmiðunum og í lok 20. aldar voru í öllum arabaríkjunum þróadar nútímalegar myndlistarhreyfingar, en menningarleg og listrænni starfsemi, sifellt fleiri listamönnum og hinum nýju straumum í myndlistinni sem voru í skapandi tengslum við aðrar myndlistarhreyfingar viða um heim.

Tveir þættir sem stuðluðu mjög að því að kynna vestræna myndlist í löndunum við Persaflóann voru að komið var á fót nútímalegu menntakerfi á sjötta áratugnum og stjórnvöld veittu stúdentum styrki til að nema myndlist erlendis.

Um miðja 20. öld hafði rutt sér til ríums nútímaleg arabísk myndlist, byggð á vestrænni fagurfræði og viðmiðunum og í lok 20. aldar voru í öllum arabaríkjunum þróadar nútímalegar myndlistarhreyfingar.

Á þessari sýningu hefur dr. Widjan Ali valið þrjá flokka sem skapa arabiskri nútímalist mikla sérstöðu.

Málefni sem hafa áhrif á daglegt líf i arabaheminum snerta stjórnmal, stöðu kynjanna og mannúðarmál.

Sýningin *Milli goðsagnar og veruleika – nútímalist frá arabaheminum* gefur hvorki tæmandi yfirlit né spannar hún allar listastefnur á okkar svæði. Á þessari sýningu valdi ég þrjá flokka sem skapa arabiskri nútímalist mikla sérstöðu. Þeir eru: málefni sem snerta stjórnmal, stöðu kynjanna og mannúðarmál og virðast hafa áhrif á daglegt líf okkar í arabaheminum; skrautritunarskóli nútímans sem á sér rætur í islamskri menningu en beitir samtímalegum stiltegundum og miðlum; og loks óhlutbundin myndlist sem arabiskir myndlistarmenn hafa iðkað frá fornu fari og er einn vinsælasti framsetningarmáttinn í þessum heimshluta.


Málefni

Það er athyglisvert í sambandi við arabiska nútímalist að allir arabiskir listamenn hafa kynnst álaginu og áhyggjunum vegna pólitisks ástands á sínum heimaslöðum, einkum hernáms Palestina, hvort sem það er með beinum eða óbeinum hætti. Margir þeirra deila með sér sameiginlegum viðfangsefnum sem tengjast þeim pólitisku og félagslegu vandamálum sem stafa af því að þeir hafa glatað hluta af landi sínu. Jafnvel hjá þeim sem fæddir eru utan Palestina og tilheyra myndlistarhreyfingum í sínum eigin löndum eða þeim löndum þar sem þeir hafa sest að hafa komið fram mjög sterk þjóðleg tengsl. Þetta sameiginlega þema er vissulega einstakt í sögu arabískrar listar og hefur haft áhrif á aðra listamenn frá þróunarrikjunum, sem og hófsama gyðinglega og ísraelska listamenn sem hafa raunar sumir hverjir halldið sýningar með arabiskum Ísraelsmönnum og palestinskum listamönnum. Í augum Palestinumannna sérstaklega hefur myndlistin orðið að tilfinningalegum og huglægum miðli sem þeir nota til að standa vörð um sjálfsmynd sína og vekja athygli á málstað sínum um allan heim. Aðrir atburðir, eins og scinna Persaflöstriðið, viðskiptabann Sameinuðu þjóðanna gagnvart Írak, tvöfeldnin sem stórveldin beita í viðskiptum sínum við múslima og araba, borgarastríð, bökstafstrú, umhverfis-spjöll, málefni á bord við réttindi kvenna, fátækt, mannréttindi, offjölgun og andúð á íslam, svo eitthvað sé nefnt, eru allt þættir sem hafa haft áhrif á viðfangsefni fjölmargra arabiskra myndlistarmanna.

LISTAMENNIRNIR Á SÝNINGUNNI SEM EIGA VERK SEM FJALLA UM SLÍK MÁLEFNI ERU:

Fjölar arabikónur (1980) eftir Mounira Nusseibeh, Palestina.

- NASR ABDUL AZIZ (PALESTINU)
- ABED ARIDI (PALESTINU)
- ABDUL JABBAR GHADBAN (BAREIN)
- NABIL ANANI (PALESTINU)
- HACHEMI AZZA (MAROKKÓ)
- KARIMA BEN OTHAMAN (JÓRDANÍU)
- PAUL GUTRAGOSSIAN (LÍBANON)
- NAZIR NABA (SYRLAND)
- RACHID KORAICHI (AL-SÍR)
- SULEIMAN MASSOUB (PALESTINU)
- HAMID NABA (EGYPTALAND)
- MOUNIRA NESSIBEH (PALESTINU)
- LEILA SHAWA (PALESTINU)
- SAMIA ZARI (PALESTINU)



Skrautritunarskólinn

Skrautritun (kalligrafia) tengist ekki aðeins trúarlegri, bókmenntalegri og listrænni fortíð myndlistarmannanna, hún er jafnframt lifandi þáttur í nútíðinni sem gegnir ennþá mikilvægu hlutverki í lífi þeirra. Þannig fóru arabiskir myndlistarmenn að gera sér ljóst að hægt væri að tengja nútímalistastefnur þeirra eigin menningararfleifð. Hreyfingu sem hvatti til endurvakningar arabiskrar arfleifðar óx fiskur um hrygg og hún náði hámarki þegar skrautritunarskólinn í myndlist tók að láta að sér kveða. Þar fundu myndlistarmenn fagurfræði sem þeir gátu samsamað sig við og um leið beitt vestrænni þjálfun sinni með islamska menningu að bakhjarli og haslað sér þannig nýjan völl i menningarlfisini.

SKRAUTRITUNARVERK Á ÞESSARI SÝNINGU ERU ÉFTIR:

- YOUSSEF AHMAD (QATAR)
- AZIZ AMOURA (JORDANIÐ)
- KAMAL BOULLATA (PALESTINIÐ)
- TARA BOUSTANI (ÍRAK)
- RAAD DULAIMI (ÍRAK)
- ISSAM EL SAID (ÍRAK)
- ALI OMAR ERMES (ÍRBYÐ)
- MOUSTAFA FATHI (SYRLANDI)
- MUHAMMAD AL-JOUQI (JORDANIÐ)
- MAISOON SAQI QASIMI (SAMEINUDU ARABÍSKU FURSTADÆMUNCMI)
- NJA MAHDAOUI (TUNIS)
- NASSAR MANSOUR (JORDANIÐ)
- HASSAN MASSOUD (ÍRAK)
- AHMAD MOUSTAFA (EGYPTALANDI)
- KHAIROT SALEH (SYRLANDI)
- SAMIR SALAMEH (PALESTINIÐ)
- MUNA SAUDI (JORDANIÐ)
- WJDAN (JORDANIÐ)



Arabisk skrautritkort (1996) eftir Muhsin Fadle, Egyptalandi.

I gegnum skrautritun
fóru arabiskir myndlistar-
menn að gera sér ljóst
að hægt væri að tengja
nútímalistastefnur þeirru
eigin menningararfleifð.

Muhsin Fadle notar
arabiska stafi og takn sem
grafiska þætti í nútímalegu
persónulegu skriffiletri.
Verkin hans eru marg-
brotin afstraktiverk sem
samanstanda af einlítum
og samtengdum flótum.

Afstraktlist

Arabískir myndlistarmenn hafa íðkað óhlutbundna myndlist frá fornu fari og er hún vinselost í framsetningarmáttinn í þessum heimshluto.

Hneigðar í átt til alþjóðahyggju og nútíma væðingar hefur einnig gætt í listalifinu í arabaheiminum. Hún náði hámarki í stefnu sem tók upp alþjóðlegan stíl án nokkurra staðbundinna einkenna eins og afstraktlist, vinselstu stefnunni meðal arabískra listamanna.

ÓHLUTBUNDIN VERK Á SÝNINGUNNI ERU EFTIR:

- | | |
|-------------------------------|-------------------------------|
| • NAWAL ABDALLAH (JÓRDANÍU) | • AYAD NIMMER (EGYPTELANDI) |
| • FARID BALKAMIA (MAROKKÓ) | • FAISAL SAMRA (SÁDI-ARABIÚ) |
| • ALI GRADDAAI (JEMEN) | • NABIL SHEHADEH (JÓRDANÍU) |
| • HAIDAR KHALID (IRAK) | • DODI TABAA (JÓRDANÍU) |
| • MOHAMED OMER KHALIL (SUDAN) | • MAHMoud ÜBEIDI (IRAK) |
| • KHALED KHREIS (JÓRDANÍU) | • FAHRElnissa ZEID (JÓRDANÍU) |
| • ABDEL LATIF MUFTIZ (BAEIN) | |

Samt sem áður er ekki haegt að draga öll verk í dilka. Til dæmis tengja RACHID KORAICHI, MAYSOON QASIMI og SAMIR SALAMEH kalligrafisk verk sín viðfangsefnum sem snerta þjóðernishyggju og mannúðarmál, en LAILA SHAWA beitir kalligrafiskri veggmálin í verkum sinum og stílfærð verk HAMIDS NADA eru mitt á milli þess að vera óhlutbundin og symbólist.

Á sýningunni *Milli godsgagnar og veruleika – nútímalist frá arabaheiminum* eru verk eftir 46 myndlistarmenn frá sextán löndum og spenna þeir nokkrar kynslöðir listamanna frá þeim elsta, FAHRElnissa ZEID (1901–1991) til hins yngsta, KARIMA BEN OTHAMAN (f. 1972). Meðal verkanna sem valin voru eru málverk, ætmyndir, höggmyndir og innsetningar frá Konunglega fagurlistasafninu í Jórdaníu. Frá 1980 þegar Listasafnið var stofnað með 77 verkum hefur það stækkað mjög svo nú eru þar 1800 verk eftir listamenn frá 45 þróunarlöndum. Þetta er langstærsta safn sinnar tegundar sem til er undir einu þaki.

Nabil Shehadeh er í fremstu röð arabískra afstraktlistamanna. Verk hans einkennast m.a. af oflugum pensilstrokum og aræðnu samspili ljoss og skugga.

Fyrir hönd Konunglega listfélagsins þakka ég Hannesi Sigurðssyni, forstöðumanni Listasafnsins á Akureyri, fyrir að eiga hugmyndina og frumkvæði að þessari sýningu í lok síðasta árs. Ég þakka eimig Eiriki Þorlákssyni, forstöðumanni Listasafns Reykjavíkur, fyrir að hysa hana. *Milli godsgagnar og veruleika – nútímalist frá arabaheiminum* ber íslensku þjóðinni boð segurðar og sannleika og veitir henni örlitla innsýn í arabísku nútímalist sem vonandi stuðlar að því að opna gluggann í átt að menningu okkar og mannlifi.



Liturgi skapad (1986) eftir Nabil Shehadeh, Jórdaníu.

Arabísk skrautskrift í íslamskri myndlist



eftir Widjan Ali

Flestum ber saman um það að helsta einkenni íslamskrar myndlistar sé margbreytileiki innan heildar eða heild sem felur í sér mikinn margbreytileika. Heildin verður best tjáð á arabísku með *tawhid*, í guðfræðilegum skilningi er það „Eining Guðs“. Í íslamskri myndlist merkir það einingu alls hins íslamska heims í krafti heildstæðrar menningar. Tungumálid er annar sameinandi þáttur í hinum íslamska heimi sem náði yfir lönd allt frá Spáni og Marokkó til Indlands og Indónesiú þar sem þróunin hefur orðið með svipuðum hætti í tíma og rúmi þrátt fyrir mismunandi landfræðilegar og sögulegar aðstæður. Arabískra er tungumál Kóransins, en skrifletur hans hefur verið tekið upp á stóru svæði sem nær frá Indlandsskaga til Norður-Afriku. Ráðandi staða hinnar arabísku tungu var forsandan fyrir þeirri menningarlegu einingu sem orðið hefur um allan hinn íslamska heim.

Bótt íslamstrúin sjálf takmarkist ekki við einn kynþátt var formleg tjáning hennar engu að síður af arabískum toga. Þar sem arabískra var mál Kóransins varð hún hið helga tungumál íslam og hefur að meira eða minna leyti mótað hugsunarhátt allra þjóða múslima.¹ Saga íslam í öndverðu leiðir í ljós hvernig arabískur minnihluti varð að stórveldi sem þróngvaði gildismati sinu og hugsunarhætti upp á hin yámsu menningarsamfélog í krafti menningar sinnar fremur en efnislegra yfirræða.² Það voru arabísk áhrif sem breiddust út af völdum íslam en ekki ófugt. Án íslam hefðu arabar ekki dreifst utan Arabiuskagans og hugsunar- og tjáningarform þeirra fest rætur meðal þeirra þjóða með fasta búsetu sem þeir lögðu undir sig með tungumáli sem lífað hefur af þá hnignun sem yfirleitt herjar á tungumál með tímanum. Vegna þess að arabar voru hirðingjar gátu þeir viðhaldið beygingar- og orðmyndunarkerfi arabískunnar sem átti sér rætur í Lögbók Hamurabis á 19. og 18. öld f. Kr. Arabískir Bedúínahirðingjar sem bjuggu utan þéttihylsstaða gættu þess að varðveita tungumál sitt þar sem það var hið eina sem skóp þeim menningarlega sjálfsmýnd á ferðum þeirra.³ Bókmennir og ljóðlistir, sem hægt var að varðveita í muninlegri geymd, voru helsta listræna tjáningarform þeirra. Arabískra varð ekki aðeins hið bindandi tungumál Kóransins, heldur líka sameiningarafl í listskópun út um allan hinn íslamska heim og skrifletur hennar bar þessari einingu sýnilegt vitni og var grundvöllur íslamskrar trúar og menningar í heild.

Í íslamskri menningu fór arabísk skrift fram úr tungumálinu sem trúartákn og arabískum müslimum tókst að láta tungumál fjölmargra þeirra svæða sem þeir lögðu undir sig vikja. Þar á meðal Sýrlands, Íraks, Egyptalands og Maghrib (Norður-Afriku), og að lokum leysti þeirra eigin tunga þau af hölmi. Þetta var í sjálfu sér talsvert afrek ef það er haft í huga hve fáir þeir voru sem tölzuðu arabísku, hofðu

Ráðandi staða hinnar
arabísku tungu var
forsandan fyrir þeirri
menningarlegu einingu
sem orðið hefur um
hinn íslamska heim.

001	
002	
003	
004	
005	
006	
007	
008	
009	
010	
011	
012	
013	
014	
015	
016	
017	
018	
019	
020	
021	
022	
023	
024	
025	
026	
027	
028	
029	
030	
031	
032	
033	
034	
035	
036	
037	
038	
039	
040	

1. Burckhardt: *Art of Islam* (London, 1976), bls. 39–40.

2. Attil: *Art of the Arab World* (Washington, 1975), bls. 9.

3. Burckhardt: *Art of Islam*, bls. 40–41.

upphaflega komið frá Arabíu og ekki búið við æðri síðmenningu. Á hinn bóginn reyndist auðveld að breyta um skrifletur á nýju yfirráðasvæðum, eins og svæðum Persa og Tyrkja. Frá tæknilegu og praktisku sjónarmiði stóð innlenda skrifletrið iðulega hinu arabiska að baki. Þótt menn væru að rjúfa tengslin við fortíðina með því að skipta um skrifletur glötuðu þeir í raun ekki miklu; þvert á móti auðveldaði það þeim að lesa sem lærdu nýja letrið.

*Sennilegasta skýringin
á hinni einstæðu þróun
skrautritunar í íslam var að
skrifin var alitin heilög.*

*Þannig blönduðust trú
og list í islamskri skraut-
skrift og mikilvægi hennar
er sambærilegt við trúarleg
málverk á Vesturlöndum.*

Sennilegasta skýringin á hinni einstæðu þróun skrautritunar í íslam var að skriftin var álitin heilög og útheimti að gætt væri vandvirkni og nákvæmni þegar gengið var frá trúarlegum skjölum. Hún varð til þess að müslimar fengu útrás fyrir trúarkenndir sinar og uppgötvuðu fyrir milligöngu hennar segurð hins guðdómlega sköpunarverks. Frá þessum sjónarholí ávann skrift sér stöðu listræns miðils á öllum svíðum íslamiskrar síðmenningar. Arabísk skrautritun mótaðist, þróadist og elfdist svo snemma og breiddist svo hratt út að þar áttu raunar hlut að mál fyrstu kynslóðir müslima. Rúmlega hundrað skrifstarstiltegundir hafa þróast í hinum íslamska heimi. Fjölmörg tilbrigði í skrift áttu rætur að rekja til þeirra mörgu rita sem skrifuð voru um skrautskrift. Hver still fylgir sinum eigin reglum og hlutföllum sem ráða notkun hans og markmiðum og fylgja þarf tilteknum mælikvörðum. Þannig blönduðust trú og list í islamskri skrautskrift og mikilvægi hennar er sambærilegt við trúarleg málverk á Vesturlöndum.⁴ Þegar fram liðu stundir gat skrautskriftarlistin af sér önnur listform svo sem lýsingu í handritum, bókband, myndskreytingu handrita, munsturgerð, leturgröft og blek- og pappirsgerð.⁵ Hún var lika notuð sem skreytingaþáttur í byggingarlist og á alls kyns færarlegum hlutum.

Enda þótt Kóraninn hafi opinberast á arabísku var það skrifletrið, fremur en tungumálið sjálf, sem varð hið helga tákni íslam. Sá helgiblaer sem er yfir skrifinni er í hæsta máta íslamskur vegna þess að mikilvægi hans stafar frá hinni helgu bók sem er nátengd hinni íslómsku umræðu í öndverðu um hugtakið „Orð Guðs“. Í íslam er lögð meiri áhersla á Bókina en í nokkrum óðrum trúarbrögðum. Þetta eru fyrstu og einu trúarbrögðin þar sem greint er á milli þeirra sem aðhyllast skriflega opinberun og annarra; *ahl al-kitab* eru gyðingar og kristnir menn sem einnig töku við rituðum opinberunum. Á hinn bóginn gegnir skriftin ekki aðeins því hlutverki að varðveita orð Guðs með því að færa manninum Kóraninn. Hún þjónar einnig bókmenntalegum og visindalegum markmiðum af góðugasta tagi sem og nytsumlegum minnisgreinum kaupmannna og veggjakroti hinna lægra settu.⁶

Fræðimennska müslima byggðist á hinu ritada orði og það var einmitt þetta sem stuðlaði að mikilvægi hennar. Í augum müslima er hið skrifða orð eiginleiki sem takmarkast við mannkynið; það greinir menn frá óðrum dýrum, felur í sér „mál handarinnar, tjáningarmáta hugans, fulltrúa vitsmunanna, vörslumann hugsunarinnar, vopn þekkingarinnar og félaga braeðra á tíma aðskilnaðar“.⁷ Skriftin var í þróðja sæti eftir hugmyndum og vitsmunum; hægt var að tjá hugmyndina með hinu talaða orði sem öðlaðist fyrst varanleika og alnand við skráningu. Þannig var skriftin mynd af mynd af mynd og lokaðfanginn í allri menningarviðleitni. Hún léði afrekum

4. Rosenthal: *4 Essays on Art and Literature in Islam*, bls. 59.

5. Rosenthal: *4 Essays on Art and Literature in Islam* (Leiden, 1971), bls. 54.

6. Rosenthal: *4 Essays on Art and Literature in Islam*, bls. 52–53.

7. Schimmel: *Calligraphy and Islamic Culture*, bls. 1.

mannsandans ódaðlegt yfirbragð og varðveitti þau fyrir framtíðina. Skrift i íslam hafði gríðarleg áhrif. Fyrir utan grundvallarnotkun var hún hárfint og ómissandi teki í menningarstarfsemi af öllu tagi. Hún var einkar handhægur miðill til listrænnar tjánings og til að deila með sér og tjá helgi trúarbragðanna.

List íslamskrar skrautritunar er arabiskust allra formlista íslam. En vegna þess að Kóraninn er á arabísku tengist hún öllum hinum íslamska heimi og er talin göfugust allra listgreina. Soldánar jafnt sem venjulegir menn lærðu og lögðu stund á hana. Gagnvart henni voru allir jafnir, ríkir sem fátækir, sterkir sem veikir. Tyrkjasoldáninn Beyazid II (1481–1512) nam skrautritun hjá mesta skrautritara þess tíma, höfðingjanum Hamdullah; meðan höfðinginn iðkaði skrautritun sína hélt soldáninn á blekbyttunni fyrir hann.⁸

Þar eð skrautritun hefur verið útbreiddasta listgreinin í hinum íslamska heimi kunna allir sem geta skrifiað að meta handbragð góðs skrautritara. Með því að sameina mjög nákvæma geometri og leikandi hrynjandi hefur arabísk skrift orðið táknað fyrir fagurfræðilegt næmi allra móslimaþjóða. Næstum allar hinum óliku stílategundir hennar, sem til urðu á ýmsum tínum, eru ennþá iðkaðar í ýmsum hlutum hins íslamska heims.

Vegna þess hve arabísk skrautritun hefur yfir sér mikinn helgiblae og hve hún hefur mikla þýðingu í hugarheimi móslima er hún eina form klassískrar listar, fyrir utan tónlist og byggingarlist, sem hnignun og stöðnun hafa ekki hrjáð. Þar sem hún hefur ævinlega verið ná tengd uppskriftum Kóransins hefur hún ekki aðeins haldið sinum upphaflega virðuleika heldur einnig tekist að tryggja samfellu hennar sem listforms í fimmtíð aldir. Þótt öðrum listgreinum bókarinnar, svo sem myndskreytingu handrita, bókbandi og lýsingu handrita, hafi hnignað og þær nánast dáið út er haldið áfram að iðka list skrautritunarinnar í öllum íslómskum ríkjum. Þannig er skrautritun eina hefðbundna íslamska listformið sem hefur lifað af og er eina klassísku myndlistin sem hefur haft áhrif á verk nútimalistamanna í hinum íslamska heimi.

Heimildir:

- Atil, E.: *Art of the Arab World* (Washington, 1975).
Burckhardt, T.: *Art of Islam* (London, 1976).
Levey, M.: *The World of Ottoman Art* (London, 1976).
Rosenthal, F.: *4 Essays on Art and Literature in Islam* (Leiden, 1971).
Schimmel, A.M.: *Calligraphy and Islamic Culture* (New York, 1984).

8. Levey: *The World of Ottoman Art* (London, 1976), bls. 57.

*List íslamskrar skrautritunar
er arabískust allra formlista
íslam. En vegna þess að
Kóraninn er á arabísku
tengist hún öllum hinum
íslamska heimi og er talin
gofugust allra listgreina.*

001	
002	
003	
004	
005	
006	
007	
008	
009	
010	
011	
012	
013	
014	
015	
016	
017	
018	
019	
020	
021	
022	
023	
024	
025	
026	
027	
028	
029	
030	
031	
032	
033	
034	
035	
036	
037	
038	
039	
040	

Við erum „hinir“

eftir Ólaf Gíslason

Nú hefur gamla nylendustefnan runnið sitt skeið og með henni sú mynd af arabaheminum sem birtist okkur skýrast í myndinni af magadansmærinni í kvennabúri soldánsins.

Sögurnar af Sindbað sæfara og hinni fögru og hugprúðu Sjerasade úr Þúsund og einni nóttu í þýðingu Steingríms Thorsteinssonar og persneski ljóðaflokkurinn Rubayat í þýðingum þeirra Einars Benediktssonar og Magnúsar Ásgeirssonar hafa verið fyrstu kynni flestra Íslendinga af arabískri og persneskri menningu. Timalausir ævintýraheimar um segurð, munuð, hugprýði, grimmud og forgengileika, sem fóllu vel að draumkenndum hugmyndum rómantíkurinnar um framandi lönd og menningarheima á blómaskeiði nylenduveldanna í Evrópu. Heillandi ævintýraheimar sem auðveld var að láta sig dreyma um, en gáfu þó allt annað en raunsæja mynd af þeim þjóðfelagsveruleika sem þessi skáldskapur var sprottinn úr.

Nú hefur gamla nylendustefnan runnið sitt skeið og með henni sú mynd af arabaheminum sem birtist okkur skýrast í myndinni af magadansmærinni í kvennabúri soldánsins. Í stað hennar blasir við annar veruleiki: í fjölmíðlunum heyrum við skelfilegar sögur af palestínskum stílkum sem ganga með sprengjur innanklæða og sprengja sig í loft upp á fjölförnum stöðum í Israel og skilja eftir sig dauða og tortímingu. Þessar tvaer kvenimyndir, svo ólikar sem þær eru, eiga sér þó eitt sameiginlegt í augum margra Vesturlandabúa: þær tilheyra Hinum, þær eru framandi fyrirbæri í okkar samfélagi og staðfesting þess að við séum öðruvisti. Ambáttirnar og hryðjuverkamennirnir, það eru Hinir.

Palestínski útlaginn og bókmennatafræðingurinn Edward W. Said hefur með skrifum sinum vakið athygli á því hvernig sú mynd sem Austurlandafræðin í Evrópu hafa dregið upp af menningu og sögu þessa heimshluta einkennist af menningarlegri einsýni sem endanlega felur í sér valdbeitingu. Hann segir: „(bókmennata)gagnrýni samtímans er stofnun sem hefur það hlutverk að staðfesta opinberlega okkar gildi. Það er að segja okkar evrópsku og yfirdrottandi élitumenningu, um leið og hún gefur mönnum grænt ljós á að ástunda í einkalifnu óhefta túlkun alheimsins sem fyrirfram er dæmd til að verða óendanlegur misskilningur á mistulkunum“¹.

Til þess að skýra mál sitt segir Said meðal annars stutta sögu frá því þegar hann hitti embættismann í bandarískra varnarmálaráðuneytinu á tímum Vietnamstríðsins. Said sagðist í barnaskap sínum hafa viljað forvitnast um það hjá embættismanninum, hvernig sú manngerð væri innréttuð, sem léti sér koma til hugar að fyrirskipa háfleygum B-52 sprengjuflugvélum að varpa sprengjum sinum í slikum mæli yfir fjarlægt land í Austur-Ásíu í nafni bandarískra hagsmunu og í þeim yfirlysta tilgangi

1. „Contemporary criticism is an institution for publicly affirming the values of our, that is, European, dominant elite culture, and for privately setting loose the unrestrained interpretation of a universe defined in advance as the endless misreading of a misinterpretation.“ E.W. Said: *Secular Criticism* i „The World, the Text and the Critic“, Cambridge 1983.

að verja frelsið og uppræta kommúnisma. „Veistu það, kæri vinur.“ sagði embættismaðurinn, „að varnarmálaráðherrann er flókin manngerð: hann passar kannski ekki inn í þá mynd sem þú hefur gert þér af kaldrifjuðum og mordóðum heimsvaldasinna. Síðast þegar ég kom á skrifstofu hans sá ég að Alexandriukvartettinn eftir Durell lá á skrifborðinu hans.“

Tilvist þessa bókmennntaverks á skrifborði varnarmálaráðherrans átti að vera sönnun fyrir því að ráðherrann gæti ekki verið sá kaldrifjaði slátrari sem Said hafði í myndað sér. Þvert á móti setti bókmennntaverkið ráðherrann í menningarlegt samhengi sem á endanum var hin vesturlenska menningararfleifð með allri sinni yfirbyggingu og yfirburðum, vesturlensk sjálfsvitund sem um leið skilgreinir og útilokar „Hina“ á forsendum sem Said líkir við trúarsannfæringu eða kredu. Hin skarpa gagnrýni Said á menningarlega einhyggju er meðal annars sprottin af þeirri reynslu hans að komast til æðstu metorða innan hins vesturlenska háskólasamfélags sem flóttamaður og útlagi úr eigin föðurlandi.

Ástaða þess að drepið er á þessa umraðu hér er að nú hefur Listasafnið á Akureyri í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur sett upp sýningu á völdum samtimamálverkum úr Konunglega sagurlistasafninu í Jórdaniu, og þar með gert tilraun til þess að birta okkur enn eina myndina af þessum heimshluta. Mynd sem gerir tilkall til þess að koma utanfrá og kalla á óðruvísi samskipti milli menningarheima sem búið hafa við menningarlega útilokun (eða „misskilning á mistulkunum“ eins og Said orðar það), sem að einhverju leyti hefur sennilega verið gagnkvæm, allt frá upphafi nýlendumstefnunar. Þetta er þarf verkefni, en um leið vandasamt, og kann að vekja upp margar erfíðar spurningar sem varða sjálfsimynd og útilokun um leið og þær snerta samskipti þessara menningarheima og snertifleti þeirra.

Oliumálverk á striga og blindramma er evrópsk uppfinding sem á sér um 500 ára sögu. Í evrópsku samhengi hefur það gegnt lykilhlutverki við sköpun þeirrar sjálfsimyndar sem okkur Evrópubúum er tamt að speglia okkur í. Oliumálverkið varð til með tilkomu húmanismans í evrópskri menningarsögu sem um leið markaði upphafið að afhelgin listarinnar og viðskilnað hennar við einsleita og altæka trúarlega kennisetningu. Við sjáum þennan aðskilnað með táknrænum hætti í veggmynd Masaccios af brottrekstri Adams og Evu úr Paradís í Brancacci-kapellunni í Flórens frá árinu 1425. Í arabaheminum á oliumálverkið sér hins vegar aðeins um 100 ára sögu, og tilkoma þess varð ekki sist fyrir vestræn áhrif á arabiska menningu. Það voru arabiskir listamenn sem dvalist höfðu í Evrópu um og upp úr aldámótunum 1900 er innleiddu þessa listgrein í heimalöndum sínum. Þá þegar höfðu nokkrir af framsýnustu forsþrókkum evrópskrar framúrstefnu (t.d. Marcel Duchamp) reyndar séð fyrir sér að skeið þessa listforms væri senn á enda runnið sem spegill vesturlenskrar sjálfsimyndar.

þetta er þarf verkefni,
en um leið vandasamt,
og kann að vekja upp
margar erfíðar spurningar
sem varða sjálfsimynd
og útilokun um leið og þær
snerta samskipti þessara
menningarheima og snerti-
fleti þeirra.

Hin arabiska listhefð á sér aldalanga sögu þar sem tilkoma spámannsins Múhameda a 7. öld markar viss þáttaskil. Eftir hans tíma einkennist arabisk list frekar en áður af abstrakt myndhugsun og fráhvarfi frá eftirlíkingu náttúrunnar.

Það væri dæmi um augljósa menningarlega einsýni að telja þessa síðornu fæðingu olíumálverks á striga vera staðfestingu á vanþroska eða undirmálshætti hins arabiska menningarheims á svíði myndlistar. Þvert á móti, þá á arabaherimurinn sér afar frjóa, djúpa og merka myndlistarhefð sem einnig hefur haft margvisleg áhrif á evrópska menningu í gegnum aldirnar. Orðið arabeska er í flestum evrópskum tungumálum alþekkt hugtak, notað meðal annars um fléttustíl í ornamenti. Arabisk áhrif eru viða sjáanleg i byggingarlist og veggskreytingum á Suður-Spáni, Sikiley og Suður-Ítalíu. Arabisk teppi eru alþekkt heimilispryði á evrópskum heimilum, og þannig mætti lengi telja.

Hin arabiska listhefð á sér aldalanga sögu þar sem tilkoma spámannsins Múhameda á 7. öld markar viss þáttaskil. Eftir hans tíma einkennist arabisk list frekar en áður af abstrakt myndhugsun og fráhvarfi frá eftirlíkingu náttúrunnar. Það var í samræmi við bann spámannsins á því að gera myndir af mönnum og dýrum. Því eru laufflétrurnar og kalligrafian kjarninn í arabeskunni. Um leið urðu til í arabiskri listhefð órofa tengsl fagurfræðilegrar og trúarlegrar hugsunar. Að baki hennar liggar hermetisk dulhyggja, sem á sér fyrirmyndir í nýplatónskri dulhyggju forngrískra heimspekinga á borð við Plótinus, er litu á sameiningu mannsins og alheimandsans sem æðsta markmið mannlegrar tilveru. Hin islamska dulhyggja, sem kennd er við súfisma, á sér hliðstæður í kristinni miðaldadulhyggju, þar sem einnig koma fram efasemdir um gildi eftirlíkingar á yfirborði náttúrunnar í viðleitni mannsins við að nálgast sannleikann og guðdóminn. Súfistarnir persnesku vildu brenna helgimyndir vegna þess að þær afvegaleiddu menn frá vegi sannleikans með eftirlíkingu á yfirborði hlutanna. Sómu hugsun finnum við hjá kristnum dulhyggjumónum eins og t.d. Meister Eckhardt sem sagði: „Ef þú vilt hnetukjarnann, þá brytur þú skurnina. Sama gildir ef þú vilt uppgotva náttúruna umbúðalaust, þá þarfst þú að brjóta niður allar myndir hennar.“² Kjarni listarinnar var af andlegum toga en ekki efnislegum, eða eins og persneski dulspekingurinn og súfistinn Shams frá Tabriz orðaði það: „Listirnar eru allar skuggamyndir af formum hugtakanna.“³

Taha Boustaní (mynd bls. 19)
íðkar skránumritan og lýsingu i
anda tyrkneska skólanas
i islamiskri skreyti- og bóka-
gerðarlist. Í þessu verki vann
hann með Hiliye Shaeríeh
sem hefur að geyma lýsingu
á huga og útliti Múhameda
spámanns, byggist á tyrkneska
dáminu og er talin gefa sanna
mynd af Spámanninum.

Þetta á lika við um mynstrið í arabiska teppinu sem allir Vesturlandabúar þekkja. Okkur er tamt að líta á það sem skrautlega mottu til að ganga á. Merkingu þess má þó rekja til þænaiðkunar spámannsins í fyrstu moskunni, þar sem hann lagðist á hnén og léti ennið snerta jörðina eða mottuna sem hann kraup á. Samkvæmt íslamiskri listhefð á teppið og mynd þess að endurspegla hugmyndina um himnaríki á jörðu, tengingu himins og jarðar. Tilgangurinn með gerð hins arabiska teppis er því fyrst og fremst trúarlegur.⁴

2. Meister Eckhardt, útg. F. Pfeiffer, Göttingen 1914, bls. 333.

3. Sjá tilvitnun hjá A. Coomaraswamy: *Nota sulla filosofia dell'arte persiana I. Il grande brivido, Saggi di simbolica e arte*, bls. 211, Milán 1987.

4. „The Prophet himself, it is believed, had first prayed before the divine throne (al-'Arsh) before he prayed upon the ground (faish), thus sanctifying earth as the mirror and reflection of heaven. It is this sanctification of the ground by the Prophet that bestowed a new metaphysical meaning upon the ground and the carpet covering it. The carpet, whether of simple white color or full of geometric and arabesque designs and patterns, is a reflection of heaven and enables one to experience the ground upon which one sits as purifying, and to participate in the sacred character of the ground.“ Sjá: Nitin Kumar: *Islam: Aesthetics of a Mystic Religion*, <http://www.exoticindiaart.com/article/islam>.

بِسْمِ اللَّهِ الرَّحْمَنِ الرَّحِيمِ

عَنْ يَدِ رَبِّكَ مُلَكِ الْجَنَّاتِ
كَانَ كَذَا وَصَفَتِي بِكَإِنَّهُ عَلَيْهِ وَسَرَّ
أَرْبَعَةَ أَنْوَارٍ لِلْمُنْكَرِ وَلَا تَقْرَبْهُ كَانَ زَيْنَكَ
مِنَ الْعَوْرَةِ وَلَا يَكُنْ بِالْمَعْدَنِ مُنْكَطَلَ وَلَا يَلْتَبِطْ كَانَ
عَنْدَكَ إِلَّا وَلَا يَكُنْ بِالظَّفَرِ وَلَا يَلْتَكِلَ كَانَ فِي الْأَوْيَةِ
تَبَرُّ أَنْتَشَرَتْ أَيْمَانُ الْمُكَبِّرِ أَمْدَبُ الْأَنْهَارِ
جَنِيدُ الْمَثَاثِرِ وَالْمَكَبِّدِ أَجْزَدُ وَمُشَرِّبُ شَرَّ الْكَعْنَى
وَالْمَدِينَ الْمَأْسَرِ كَانَ شَرِيكَكَمْ بِيَقْبَلِيَّةِ سَبَبَ
وَإِذَا الْفَرَّ كَانَ الْمَتَّعَ

وَمَا أَنْتَ بِاللَّهِ حَنِيلٌ عَالَمٌ

بِسْمِنَامِ الْبَرِّ وَمُعْنَاطِ الْبَرِّ أَبُو الْعَالَمِينَ
كَذَّارًا وَلِلْمَسْدَحَةِ بِهِ وَالْمَنْجَمَةِ بِهِ كَذَّارًا
عَنْتَرَةَ مِنْ رَأْيِيَّهُ مَاهِيَّهُ وَمَنْخَالِهِ مُعْرِفَةِ لَجَهَهُ
يَقُولُ نَاهِيَّهُ كَذَّارَكَلَهُ لَلْأَبْدَ وَمِنْهُكَلَهُ كَذَّارَكَلَهُ كَذَّارَكَلَهُ
كَلَهُ كَلَهُ عَلَيْهِ الْحَسِنَةِ وَكَلَهُ الْمَنْجَمَةِ الْمَوْجَعَةِ وَكَلَهُ الْمَعْنَى
كَلَهُ كَلَهُ وَرَحْمَهُ لَهُ الْمَسْتَانِيَّ فِي شَمْسِ مَغْرِبِ الْمَدِينَةِ

Arabísk listhefð á sér flest önnur tjáningarfórm en málverkið. Fyrir utan vefnaðinn sjáum við hana í keramík og veggflísum, postulini og mósaík, silfursmiði, handritalyssingum og kalligrafi, en þó ekki sist í bygginingarlistinni. Listin í arabahéiminum var ekki til komin sem munaður sem hengdur er upp á vegg til skrauts, heldur var hún til komin af nauðsyn til þess að gefa hlutunum merkingu og notagildi. Eða eins og persneska skáldið og súfistinn Rumi orðaði það á 13. öld: „Málar málarinn mynd myndarinnar vegna, eða til gildra nota? Gerir leirkerasmiðurinn vasann vasans vegna, eða fyrir vatnið? Notar skrifarinn ritlistina hennar sjálfrar vegna, eða til þess að hún sé lesin? Hið ytra form hlutanna stefnir að ósýnilegu formi sem á sér enn annað form... allt eftir þroska ykkar til að skilja.“⁵

*Þegar olíumálverkið festi
rætur í hinum arabísku
listheimi kom það eins og
vind sveipur inn í tímalausa
kyrrstöðu þeirrar listhefðar
sem alla tíð hafði snúist
um tímalaus, óbreytanleg
og eilif gildi sem voru af
trúarlegum toga.*

Hugmyndir húmanismans, sem við sjáum endurspeglast í flórensíkri málaralist við upphaf 15. aldar, náðu seint að festa rætur í hinni arabísku listhefð. Þær hugmyndir birta okkur fráhvarf frá guðshugmynd miðalda og marka upphafið á aðskilnaði manns og guðs, hins heilaga og veraldlega, trúar og stjórnmála, þekkingar og trúar, sem lyktadí endanlega með þeim „dauða guðs“ sem Nietzsche boðaði svo spámannlega sem örlog tæknimenningu nútímans í lok 19. aldar. Þessi afhelgung heimsins hefur verið megininkenni vestrænnar menningar frá upphafi húmanismans og hið móderníska olíumálverk er skilgetið afkvæmi hennar.

Þegar olíumálverkið festi rætur í hinum arabísku listheimi kom það eins og vind sveipur inn í tímalausa kyrrstöðu þeirrar listhefðar sem alla tíð hafði snúist um tímalaus, óbreytanleg og eilif gildi sem voru af trúarlegum toga. Þannig endurspeglar sú myndlist sem kynnt er á þessari sýningu mótsagnakennd átok arabahéimins við samtíma sem ekki verður umflúinn og mun óhjákvæmilega grafa undan þeim frumspekilega stöðugleika og einhyggju sem hefðin hvílir á. Hún endurspeglar meðal annars þann vanda arabahéimins sem fölginn er í síðbúnum aðskilnaði hins veraldlega og andlega, trúar og stjórnmála, guðfræðilegra kennisetninga og visinda-legrar þekkingar, hefðar og teknar. Þessi myndlist sýnir okkur jafnframt viðbrögð við tímabundnu ástandi og gerir tilkall til að speglar sibreytilega og hverfula mynd samtímans. Þar sem hin eilif og óbreytanlegu sannindi eru á undanhaldi. Þessi samtími verður ekki umflúinn vegna þess að hann er knúinn áfram af óstöðvandi vél tæknimenninguinnar og hnattvæðingarinnar. Þannig vekur þessi sýning upp spurningar er varða glímu arabahéimins við samtíma sem er fullur þversagna þar sem spurningar um sjálfsímynd og útilokun og um hina veraldlegu sýn á heiminn verða knýjandi.

*Þessi sýning vekur upp
spurningar er varða glímu
arabahéimins við samtíma
sem er fullur þversagna þar
sem spurningar um sjálfs-
ímynd og útilokun og um
hina veraldlegu sýn á
heiminn verða knýjandi.*

5. Mevlana Jalaluddin Rumi (d. 1273); Mathnawi, IV. Sjá: Coomaraswamy, bls. 209.

þar komum við aftur að þeirri hugsun Edwards W. Saids sem hann kennir við „veraldlega gagnrýni“ eða „Secular Criticism“; hún beinist ekki bara að einsýni Austurlandafræðanna á Vesturlöndum, sem hann likir við trúarkreddu er lógleitt hafi skipulagðan misskilning á þessum menningarheimi og réttlætt menningarlega og efnahagslega yfirdrottnun. Hún beinist ekki síður að trúarlegum og þjóðernislegum kreddum sem við finnum jafnt í Ísrael og í sjálfum arabheiminum, þar sem Said á rætur sínar sem palestínskur útlagi og baráttumaður fyrir frelsun ætlands sins undan hernámi og trúarlegri aðskilnaðarstefnu. Said hefur einmitt verið gagnrýndur af sumum samlöndum sinum frá Palestínu fyrir að boða vesturlenskt gildismat með áherslu sinni á „veraldlega gagnrýni“, að hún beinist gegn trúarhefðum og þjóðernishyggju hins arabíska menningarheims á svipuðum forsendum og sjá má i „Austurlandafræðunum“ á Vesturlöndum.

Said hefur svarað þessari gagnrýni með því að vara við notkun hugtaka eins og „islamskur“ eða „vesturlenskur“ í pólitiskum tilgangi. Slikar alhæfingar komust í hámaeli eftir árasina á tvíburaturnana í New York 11. september 2001. Þá urðu margir til að vitna í framtíðarspá Samuels Huntingtons um að átakalínur framtíðarinnar í heiminum yrðu hvorki af efnahagslegum né hugmyndafræðilegum toga, heldur myndu þær felast í árekstrum milli menningarheima islams og Vesturlanda.⁶ Said hefur bent á að hugtakið Vesturlönd sé notað í þessu samhengi til þess að draga fjoður yfir fjölmennigarleg einkenni flestra ríkja á Vesturlöndum og að hugtakið islam í þessu samhengi rugli saman í einn pott jafn ólikum menningar-samfélögum eins og Indónesi, Tyrklandi, Bosni og Alsír. án þess að séð verði að þau eigi sér þann samnefnara er réttlæti slika alhæfingu.⁷ Alhæfingarnar hafa síðan færst í aukana með nýrra hugtakasmíð á bord við „mönndlaveldi hins illa“ um leið og það er orðin viðtekin venja fjölmíðla að tala um „islamska hryðjuverkamenn“, á meðan það væri talið fáheyrt að tala um kristna hryðjuverkamenn eða gýdingahryðjuverkamenn í hliðstæðu samhengi.

Þessi sýning á arabiskri samtímalist ætti að vera okkur tilefni til þess að hugleiða menningarleg samskipti okkar við þennan fjarlæga heimshluta sem er okkur þó ekki fjarlægari en svo að við mætum honum daglega í fréttatínum ljósvakamiðlanna, auk þess sem sú staðreynd blasir nú við að müslimar eru orðnir fjölmennari en Íslendingar í samfélagi Norðurlandaþjóða: fjöldi þeirra mun nú nálgast hálfá miljón.⁸ Ef grannt er skoðað getum við fundið hluta af sjálfum okkur í þeim myndum sem hér eru til sýnis. Þá fórum við að nálgast þá niðurstöðu sem andæfir því sem haldið var fram í upphafi um ambáttina og hryðjuverkakonuna: *Við erum hinir.*

Eftir árasina á tvíburaturnana í New York urðu margir til að vitna í framtíðarspá Samuels Huntingtons um að átakalínur framtíðarinnar í heiminum yrðu hvorki af efnahagslegum né hugmyndafræðilegum toga, heldur myndu þær felast í árekstrum milli menningarheima islams og Vesturlanda.

6. „It is my hypothesis that the fundamental source of conflict in this new world will not be primarily ideological or primarily economic. The great divisions among humankind and the dominating source of conflict will be cultural. Nation states will remain the most powerful actors in world affairs, but the principal conflicts of global politics will occur between nations and groups of different civilizations. The clash of civilizations will dominate global politics. The fault lines between civilizations will be the battle lines of the future.“ Samuel Huntington: *The Clash of Civilizations?*, Foreign Affairs, sumarið 1993.

7. E. Said: *The Clash of Ignorance*, The Nation, október 2001.

8. Sjá: blárn online, <http://www.islamonline.net/iol-english/dowalia/europe-5-2-2000/europe1.asp>

Skýringar

- Undir fullum yfirráðum Palestinumanna
- Undir stjórn Palestinumanna en Israelar með herlið
- Undir fullum yfirráðum Israéla




Átök Israels og Palestini hafa verið eitt helsta fréttar efni vestrænna fjalmiðla undanforna óratugi. A meðfylgjandi kortum sást skipting landsvæða á árunum 1948–1991.

*Katamtú isma alhalbíbi
Va raddatú asbeha fúadi
Fúa sjúki nadin hrati
Laili basm ahway anadí*

*Ég þagði yfir nafni ástvinar míns
En endurtók það með sjálfri mér
Hvað ég þrái að komast út á bersvæði
Og hrópa nafnið sem ég elska*

Í lauslegri þýðingu
Jóhónnu Kristjónsdóttur



1991

1979: Sínaeyðimörkinni skilað samkvæmt Camp David samkomulaginu
1981: Golanháðir innlimaðar

Skv. friðartillögunum í Oslo átti verulegur hluti hermuðu svæðanina (Gaza og Vesturbakkinn) að færast inn í Palestínuríkið.

Ég hrópa nafn ástvinar míns

eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur

Þetta litla ljóð (hér til hliðar) skrifaði skáldkonan arabiska Olija bint al Mahdi sem var fædd árið 777 og lífði til ársins 825. Við lestar ljóða og skoðun myndverka og með því að hlusta á tónlist arabaheimsins hefur mér fundist það eftirtektarverðast hvað rómantíkin er rikjandi í öllu sem þeir fást við. Ætla mætti að pólitisk vitund setti svip sinn i ríkara mæli á viðfangsefni þeirra miðað við nútímasöguna.

Aðrir sem skrifa í þessa sýningarskrá gera málalistinni itarleg skil. Ég mun því snúa mér að örðrum þáttum sem eru ekki síður nauðsynlegir til skilnings á þessum heimi. Ég mun heldur ekki skrifa um menningarheiminn í þróngri merkingu myndlistar, ljóðagerðar, söngvahefðar og þess háttar. Fyrir mér vakir að skrifa um þætti sem vefjast fyrir okkur.

Í ljósi þess að við eignum oft i örðugleikum með að skilja okkar eigin menningarheim er kannski ekki að undra þótt aðrir menningarheimar, straumar þar og stefnur og ekki síst hugsunarhátturinn sem að baki býr komi okkur spánskt fyrir sjónir. Vissulega hefur menningarheimur araba, löng saga hans og arfleifð sérstöðu. Við höfum augljósari þörf fyrir skilning á honum núna af ástæðum sem þarf ekki að tiunda. Og ef okkur tekst ekki að brjóta hann til mergjar gætum við þó altént reynt að igrunda forsendur þeirra hugmynda sem hann á rætur í.

Þær þjóðir sem byggja heimshlutann sem við tölum um i daglegu tali sem arabaheiminn telja hátt í þrjú hundruð milljónir manna. Það segir sig sjálf að það eru margbreytilegir hópar með mismunandi afstöðu, lífsvitund og skoðun. Það er eitt sem fyrst og fremst sameinar þennan heim, tungumálið arabiska sem allir tala og eiga. Mállýskur eru breytilegar frá einu landi til annars en aldrei svo að menn skilji ekki hverjir aðra. Þá er ritmálið alls staðar það sama. Með því að menntun eykst alls staðar í þessum löndum hefur hið daglega mál smám saman verið að færast nær því sem við köllum klassiska arabísku og er tungumálið sem Kóraninn er skrifaður á. Ætla má að af þessum fjölda séu um 90% áhangendur islam. Hinir eru kristnir eða gyðingatrúar. Þessar tölur eru settar fram með fyrirvara en ættu að vera nærrí lagi. Að eiga tungu og trú sameiginlega – það er einstakt og það er í augum araba undursamleg arfleifð.

Þess gætir mjög greinilega að við erum haldin ákveðnari fordóum gagnvart þessum heimi. Ég leyfi mér að visa til eigin reynslu og kalla það stundum andúð. Okkur finnst stafa af honum ógn. Þar finnst mér í umræðum oft skilja á milli menningarheima. Tökum austurlenskan menningarheim, kínverskan sem dæmi. Við þekkjum hann litið og það skiptir ekki ýkja miklu máli. Við virðumst sætta okkur við að hann sé öðruvisti, jafnvel finnast það bara skemmtilegt. Og látum svo þar við sitja.

Þær þjóðir sem byggja heimshlutann sem við tölum um i daglegu tali sem arabaheiminn telja hátt í þrjú hundruð milljónir manna. Það segir sig sjálf að það eru margbreytilegir hópar með mismunandi afstöðu, lífsvitund og skoðun.

Umhugsunarlaut segja menn. Arabar eru grimmir og miskunnarlausir, ðetta eru hryðjuverkamenn og upp til hópa hið mesta illþýði.

Ég spyr á móti: Hvaða forsendur gefum við okkur þegar við köstum slikum fullyrðingum fram?

Menningarheimur araba er sveipaður dulúð. Hann er flóknari og fjandsamlegri í hugrenningum okkar. Umhugsunarlaut segja menn: Arabar eru grimmir og miskunnarlausir. Ðetta eru hryðjuverkamenn og upp til hópa hið mesta illþýði. Ég spyr á móti: Hvaða forsendur gefum við okkur þegar við köstum slikum fullyrðingum fram? Erum við að verða hlutdrægum fréttasflutningi að bráð þegar við dænum til að mynda virtan og metinn stjórnmálflokk eins og Hizbollah í Libanon sem hryðjuverkaflokk og punktur?

Skiljum við hugmyndafræði hans, viljum við skilja hana og er hún almennt þess virði? Skiljum við að þessi flokkur var stofnaður sem neðanjarðarhreyfing í Suður-Líbanon þegar Israelar hersátu svæðið og Hizbollah má líkja við andspyrnuhreyfingar í Evrópolöndum á tínum nasista?

Skiljum við að eitt helsta tákna kúgunar á konum í hugum Vesturlandabúa, andlitsblæjan, á ekki uppruna sinn í íslamstrú? Hvergi í Kóraninum er konum skipað að hylja andlit sitt og um notkun andlitsblæjunnar fer ýmsum sögum. Ein er sú að hún eigi uppruna meðal hirðingjaættbálka í eyðimörkum Arabiuskagans þar sem hitinn á daginn getur farið í fimmtíu stig og kuldi á nótturni í 20 stig og það er lífsnauðsynlegt að skýla húðinni. Seinna er sagt að Tyrkir hafi tekið blæjuna upp á Ottómantimanum þegar þeir voru allsráðandi á þessu svæði og vildu með henni sýna ákveðna stéttaskiptingu. Í flestum trúarbrögðum heims eru konur hvattar til að hylja hár sitt og/eða klæða sig síðsamlega. Er það kúgun? Er það hefð eða er það einfaldlega svo að sinn er síður í landi hverju? Getum við hér uppi á Íslandi býsnast yfir kúgun kvenna meðal araba þegar nokkurra mánaða gömul úttekt hérlendis sýnir að enn er um 20-30 prósentra launamunur milli karla og kvenna þrátt fyrir lög sem fyrirskipa sömu laun fyrir sömu vinnu? Skiljum við eða viljum við skilja hið djúpa og framandlega heiðurs- og blygðunarhugtak araba? Þar sem heiður fjólskyldunnar er alls staðar og ætið tekinn fram yfir einstaklinginn. Flekkun fjólskyldunnar er dýpri og átakanlegri en annað og oft torskilin. Og í léttuð Vesturlandasamfélagsins fordæmum við það. Í Vesturlandasamfélagini þar sem frjálslyndið skal ríkja eitt.

Skiljum við að konur í arabalöndum verða fjárhagslega sjálfstæðar við giftingu vegna þess að heimanmundurinn sem margir líta hornauga verður séreign þeirra við giftingu og maðurinn má aldrei snerta hann? Vitum við að eiginkona sem vinnur utan heimilis má ráðstafa tekjum sínum að vild vegna þess að framfærsluskylda hvílir alfarið á karlinum? Það er kannski verið að kúga þá? Skiljum við að ástæðan fyrir því að hjón vilja eignast sem flesta syni er að þeirra er að sjá fyrir þeim á efri árum en dætur eru lausar undan þeirri skyldu? Eigi hjón ekki syni fellur framfærsluskyldan ekki á dæturnar heldur á næstu karlættingja. Skilum við að konum í arabalöndum finnst baráttu Vesturlandakvenna fyrir jafrétti vera innantóm ef hún snýst um að karlinn ryksugi eða vaski jafn oft upp og þær? Konur í arabalöndum líta svo á að réttindi kvenna til menntunar, almenns framgangs í atvinnulifinu og að þær njóti virðingar á heimili sínu skipti meira málí en hvort þær þurki oftar af en karlinn.

Skiljum við að það er nú á dögum gömul þjóðsaga að allir arabar eigi margar eiginkonur? Það viðgengst í riku arabalöndunum. Flóarikjunum og Sádi-Arabíu. En ekki annars staðar, meðal annars vegna þess að menn hafa hvorki efni á því né heldur kærir eiginkonan sig um að deila manni sinum með öðrum.

En vitum við uppruna fjölvænis? Múhammed spámaður leyfði að hver maður mætti taka sér fjórar eiginkonur og hvatti einkum til að menn tækju að sér ekkjur. Á þeim tíma voru styrjaldir og óáran daglegt brauð ekki síður en nú á timum. Fjölmargar konur misstu menn sina í þessum striðum og áttu fárra kosta völ þar til Múhammed benti á að eiginmenn þessara kvenna hefdu fallið í heiðarlegum bardögum og þær ættu betra skilið en verða hornreka í samfélaginu. Að visu með því forordi að maðurinn kæmi eins fram við allar konurnar og mismunaði þeim ekki í neinu. Og að hinarr konurnar sem fyrir voru gæfu samþykki sitt ef maðurinn vildi fá sér nýja konu.

Vitum við að skilnaðir eru algengari en áður og konur eiga oftar en karlar frumkvæði að þeim samkvæmt tölfræðilegum skýrslum? Konur sem hafa verið giftar áður, einkum hafi þær átt börn, eiga jafn góða möguleika og hver önnur til að giftast aftur. Getum við ekki fyrirgefið aróbum að þeir vilji að stúlkan sem þeir giftast sé óspjölluð? Það er ekki lengra síðan en í kynslóð foreldra minna að það þótti sjálfsagt að geyma sig fyrir eiginmanninn í stað þess að stökkva upp í ból með næsta manni eftir klukkutímakynni. Getum við kannski ekki fyrirgefið aróbum að þar í löndum þekkist varla eða ekki alnæmi vegna þess að útlendingar eru settir í eyðnipróf í flestum þessara landa ef þeir búa þar lengur en þrjá mánuði?

Er það hlægilegt í okkar augum að ungt arabiskt folk í giftingarhugleiðingum vill leiðsögn foreldra sinna í makavali í meira mæli en fyrir nokkrum áratugum? Það er nánast óhugsandi að foreldrar hafi ekki hond i bagga með ráðahagnum enda segir ungt folk: „Foreldrar minir eru þeir sem þekkja mig best og vita hvernig maki hentar mér.“ Samkvæmt nýrri egypskri rannsókn eru skilnaðir mun fátiðari meðal folks sem hefur látið foreldrana um að aðstoða við að velja sér maka. Auðvitað finnst okkur þetta hallærislegt og í besta falli óspennandi en þá segja mörg arabisk ung-menni: „þið takið allt út fyrirfram. Við eigum það eftir.“ Auðvitað hljómar þetta óskóp barnalega í okkar sófistikeruðu eyrum. En svona er þetta og það er allt að því óhugsandi að ungt folk gangi í hjónaband án þess að hafa blessun fjölskyldna sinna. Á hinn böginn leiðum við lika hjá okkur, ef okkur sýnist svo, að samkvæmt islómskum lögum má ekki neyða folk í hjónaband. Sé það gert er það lögþrot og því refisvert.

Efvið viljum skilja araba verður við að skilja að fjölskyldumynd þeirra og upphbygging og rektarsemi er allt önnur en hjá okkur. Nánasta fjölskylda telst ekki aðeins foreldrar og börn, heldur einnig afar og ömmur, föður og móðursystkini og þeirra börn og afar og ömmusystkini í báðar áttir. Allir þessir fjölskyldumeðlimir eru í innsta hringnum og allir líta svo á að þeir beri síná ábyrgð á öðrum í fjölskyldunni. Það skoðast ekki sem afskiptasemi heldur umhyggja fyrir velferð og söma fjölskyldunnar. Á hinn böginn er ég ekki í nokkrum vafa um að fyrir utanaðkomandi útlending sem giftist inn í arabiska fjölskyldu getur þessi alltumfaðmandi umhyggja orðið ákaflaga þreytandi. Þeir elstu í fjölskyldunni njóta óumdeildrar virðingar og það er alvarlegt ef ein-hverjum hinna yngri dettur í hug að gera eitthvað það sem þeim þætti ekki við hafi.

Ef við viljum skilja araba verður við að skilja að fjölskyldumynd þeirra og upphbygging og rektarsemi er allt önnur en hjá okkur. Nánasta fjölskylda telst ekki aðeins foreldrar og börn, heldur einnig afar og ömmur, föður og móðursystkini og þeirra börn og afar og ömmusystkini í báðar áttir.

*Getum við skilið afskipti
Vesturlandastórveldanna
Breta og Frakka eftir heims-
styrjöldina fyrri. þegar
stjórnvöld þessara tveggja
rikja skáru upp londin að
eigin geðþórra og samkvæmt
eigin hagsmunum og sjald-
nast í samráði við ibúana?*

*Leila Shawa er málari og
hönnuður. Í myndrð sinni
„Veggmír í Gaza“ gegnir
skriftin upplýsingarhlutverki
með því að koma a framfærni
bodskap kugadrar hjóðar sem
ekki fíkk frelsi til að tja sig
svo hún neyddist til að krota
á veggi. Slikt veggjakort er
þáttur í byggingu verksins.*

Getum við ekki fyrirgefið arónum að í löndum þeirra er ekki vestrænt lýðræði? Getum við skilið að vestrænt lýðræði er ekki hentug útflutningsvara þar sem annar hugsunarháttur og aðrar hefðir eru í gildi? Æg er þó fjarri því að mæla einræði eða hardræði bót sem viðgengst í nokkrum arabaríkjum. En ef við erum svona elsk að lýðræðinu má þá ekki líka tala um arabískt lýðræði og skilgreina það á annan hátt en vestrænt lýðræði? Arabískt lýðræði er að færast í betra horf en fyrir nokkrum árum, og stórmiklar breytingar eru að verða í löndum eins og Katar, Barein, Marokkó, Tunis, Líbanon og Jórdaniu og örlar meira að segja á því í Sýrlandi þótt önnur eigi svo aftur lengra í land.

Í minum huga er menningarlæsi og menningarskilningur ekki aðeins vitund og þekking á menningu í þróngri merkingu. Menningarlæsi er einnig að skilja þjóðfélagið, arabísku þjóðfélagið, sem heild og í samhengi við það sem gerist. Því finnst mér rétt að vikja að nokkrum þáttum sem eru ofarlega í huga manna í þessum heimshluta og hafa áhrif á hugsun og menningu í sjálfu sér. Því sú afstaða hefur einnig fætt af sér skapandi skoðanir, bökmenntir, söngva og dansa þótt hún eigi ekki upp á pallborðið hjá okkur.

Getum við skilið afskipti Vesturlandastórveldanna Bretta og Frakka eftir heimsstyrjöldina fyrri. þegar stjórnvöld þessara tveggja rikja skáru upp londin að eigin geðþórra og samkvæmt eigin hagsmunum og sjaldnast í samráði við ibúana? Flest sem hefur gerst í þessum heimshluta síðan rekur sig til afskipta stórveldanna og þau sár eru ógróin. Getum við ekki skilið andúðina á Bandaríkjum ónnum sem hafa komið eins og þeytivindur eða eldibrandur með sína forsjárhryggju inn í þennan heimshluta til að segja öllum hvernig þeir eigi að haga lifi sinu? Þeir styðja eina hreyfingu „frelsissamtaka“ í dag sem er orðin „hryðjuverkfylking“ á morgun ef hún hlitir ekki leiðsögn stóra landsins í vestri.



Veggmír í Gaza (ett af fífum vétum 1992) eftir Leila Shawa, Palestín.



Getum við ekki skilið að arabafjöldum, sem allar höfðu búið með gyðinga innan sinna landamæra, að mestu leytti í friði og spekt, öldum saman, var ofboðið þegar ríki Ísraels var skellt beint ofan í miðjan arabahheiminn og svo langt var gengið að tilvist Palestínumannar var ekki viðurkennd fyrr en eftir að Yasir Arafat hafði stofnað PLO-samtókin? Auðvitað er sagan lengri og flóknari en hér er hægt að fara út í en svona má þetta hafa litið út í þeirra augum. Því höfum í huga að um það bil sem fyrri heimsstyrjöldinni lauk voru gyðingar 5 prósent íbúa Palestínu en arabar um 93 prósent.

Getum við ekki skilið beiskju Egypta þegar Nasser þáverandi forseta leitaði til Bandaríkjamanna eftir fjármagni í Aswanstifluna, sem hefur orðið þessu sjölmennasta arabaríki hreinasta blessun – neituðu þeir honum af því einu að þeir grunuðu hann um að verða ekki nógur þægur? Nasser var á þeim tíma umfram allt metnaðarfullur og þjóðhollur Egypti sem vildi veg þjóðar sinnar sem mestan og hafði ekki hneigst til þess sósialisma sem hann var síðar orðaður við. Vitaskuld leitaði hann rakleitt til Sovétmanna eftir að Bandaríkjamenn höfnuðu honum.

Getum við ekki skilið gremju múslima í Libanon þegar Bandaríkjamenn og Ísraelar gerðu leynisamning um að reka Palestínumenn úr landi árið 1982 en áður en svo yrði gátu Ísraelar ekki á sér setið að leggja blessun sína yfir að hersveitum libanskra kristinna falangista yrði leyft að fara inn í flóttamannabúdir við Beirut. Sjabra og Sjatila og réðu niðurlögum um þúsund hættulegra hryðjuverkamanna? Þegar fréttamenn og ljósmyndarar fengu svo loks að skoða lik hryðjuverkamannanna komu í ljós nokkur „mistök“ því hryðjuverkamennirnir reyndust vera börn, konur, aldrað folk og fatlað. Og ráðagerðir Bandaríkjamanna í Libanon á þessum tíma voru allar á þann veg að sundruningin sem var ærin fyrir í landinu, magnaðist um allan helming uns bandarísku hermennirnir hurfu á braut við litinn orðstír.

Nazir Nabaa er braut-ryðjandi í nútíonalist í Sýrlandi. Hann vinnur að nýstárlegan hátt úr efniviði forma þjóðsagna og eru verk hans hlæðin taknsæi og málud í sterkuðum jarðlitum.

Getum við ekki skilið anduðina að Bandaríkjamonnum sem hafa komið eins og þeytivindur eða eldibrandur með sina forsýðhyggju inn í pennan heimshluta til að segja öllum hvernig þeir eigi að haga lífi sín?

Getum við ekki skilið furðuna sem greip um sig í Libýu þegar PANAM-vélin var sprengd yfir Skotlandi og áður en nokkrar sannanir lágu fyrir voru sökudölgarnir ekki aðeins stórskaðlegir Libýumenn, þeir voru gerðir að flugumönnum Gaddafis leiðtoga landsins? Gat ekki verið að þeir væru bara ótindir glæpamenn sem hefðu framið voðaverkið án þess að leiðtogi Libýu kæmi þar nærrí? Í staðinn fengu Libýumenn yfir sig loftárasír frá Bandaríkjumönnum sem bitnuðu sem betur fer, skyldi maður ætla, dálitið á Gaddafi því auk fjölda borgara sem létust missti Gaddafi fósturdóttur sina.

Getum við ekki skilið gremju muslima í Libanon þegar Bandaríkjumenn og Israelar gerðu leynisamning um að reka Palestinumenn ur landi árið 1982.

Getum við ekki skilið gremju arabafjóðarinnar í Írak sem var eftirlæti Bandaríkjumanna—jafnvel þó sami forseti væri þar við vold og er enn—meðan Íranir og Írkar börðust 1980–1988 og mokuðu Bandaríkjumenn þá vopnum, fjármunum og rádgjöfum í Íraka af því þeim stóð enn meiri stuggur af klérkaveldinu svokallaða í Teheran en af Saddam Hussein í Bagdad? Af hverju var það þagað í hel að sendiherra Bandaríkjanna í Írak, April Glaspie, var láttinn vita um innrásina í Kuveit fyrirfram, á sérstökum fundi með Saddam Hussein? Hún hafði samband við yfirboðara sina í Washington og engin athugasemd var gerð fyrr en eftir að Saddam hafði gert innrásina. Síðan var sett á alraemt viðskiptabann sem hefur nú staðið á 13. ár og valdið þjóðinni slikum þjáningum að segja má að á síðustu tju árum hafi verið útrýmt heilli kynslóð íraskra barna. Og óðru hverju skjótast Bandaríkjumenn með nokkrar sprengjur á landið til að sýna mátt sinn og megin. Og leyfa sér síðan að staðhæfa að þetta hrjáða fólk sitji lon og don við að smíða kjarnorkusprengjur og eiturvopn milli þess sem það ráfar á milli ruslahauganna að leita sér að mat. Og svo er heitið stórstyrjöld gegn Írak þegar Afganistan hefur verið afgreitt. Allt er þetta gert í nafni lýðræðis. Í þágu lýðræðis og almannahagsmunu.


Éger ekki að hvitþvo araba, það væri fjarri öllu viti. Þar viðengst margt miður fagurt, rétt eins og hér og þar. En mér verður alltaf minnisstætt þegar stjórnsýslubyggingin í Oklahoma var sprengd um árið. Ég kom þann sama morgun til Libanons og kveikti á sjónvarpinu á hótelherberginu og CNN var að byrja að sýna myndir og sagði að fyrstu ábendingar til lögreglu sýndu að þarna hefðu arabiskir hryðjuverkamenn verið að verki. Kannski ráða trúarbrögðin því að við höfum svo afbakaða sýn. Strax og islam ber á góma skýtur upp mynd i hugum manna af skikkjuklæddum blæjuðum konum. Örugglega kúguðum og lúborðum. Menn velta ekki inntaki íslam fyrir sér, talið og hugsunin beinist alltaf í sama farveg: kúgun á konum. Jafnvel mætustu menn sem skeyta dagsdaglega litið um það efni í sínum ranni fyllast viðbjóði á arðbunum sem allir eru að kúga konur. Íslam er ekki hættuleg trúarbrögð. Sannleikurinn er sá að íslam byggir á því sem við þekkjum úr kristinni trú og hvers kyns kærleikshöðun kristmennar er ekki síður að finna í íslam. Meginnumurinn er að íslam er müslimum ekki bara trú, hún er lífsviðhorf, en það verður ekki sagt nema í takmörkuðum mæli um kristna.

†

Það er óhugsandi að velta fyrir sér menningarheimi araba, hvað þá menningarlæsi og menningarmun, nema kunna skil á íslam. Sannleikurinn er einnig sá að á fyrstu óldum íslam voru þetta framsækin trúarbrögð þó vitanlega hafi ófgamienn og ofsatruarmenn túlkað þau að eigin hentugleikum eins og gerst hefur í öllum trúarbrögðum og gerist raunar enn. Það yrði of langt mál núna að fara út í að fjalla um íslam en ég bendi fólk eindregið að kynna sér inntak hennar, m.a. í ágaetri bók Jóns Orms Halldórssonar Islam og með því að lesa Kóraninn i vandaðri þýdingu Helga Hálfdanarsonar.

Að lokum þetta: Ég hef farið út í ýmsa þætti þessum heimi til skýringar því ég lit svo á að skilgreina megi hugtökin menningarheimur og menningarlæsi á viðfeðman hátt svo sem trúin, fjölskyldan, stoltið, sjálfsvirðingin. Mig langar að bæta við: Ferðist til þessara landa, þar sem sagan syngur undir hverju skrefi, skynjið fjölskylduböndin, borðið matinn, skoðið handverk þeirra, hlýðið á tónlistina og horfið á myndlistina. Lesið bækur um arabiskan heim sem er þó samtímis margir heimar því samfélögin eru full af litbrigðum þó okkur hætti til að setja allt undir einn og sama hattinn.

Ég vona að þó ég hafi farið hér út í fremur óhefðbundin efnistök séu lesendur nokkru nær og geti velt þessu fyrir sér, vonandi út frá einhverjum forsendum sem þeir gáfu sér ekki áður.




Oreyfunketi (1982) eftir Hachemi Azza, Marokkó.

Islam er ekki hættuleg
trúarbrögð, Megin-
munurinn er að íslam
er muslimum ekki bara
tru, hun er lífsviðhorf.
en það verður ekki sagt
nema í takmörkudum
mjeli um kristna.

Hachemi Azza er afbragðs-
myndristumaður. Surrealist-
messótintuverk hans
skirkota til þjóðfelagsmala
á afar personulegan og
forvitnilegan hátt.

Samir Salameh blandar saman hefðhundnu arabisku skrifletri og kalligrafiskum aleitrunum í malverkum sínum. Þannig sameinast hefðin og modernisminn í hreinni arabiskri myndrænni tjáningu.



Komposisjon nr. 3 (1985) eftir Samir Salameh, Palestini.

Fjárlægur draumur (1988) eftir Leila Shawa, Palestina



Viðfangsefni Leila Shawa eru oft politisk og tengast málefnum kynjanna, svo sem því þegar konur í heimabæ hennar voru neyddar til þess að ganga með blaðu. Litskríðug verkin virðast gladleg við fyrstu sín en ef grannat er skoðad lernast þar blind ógjáandi augu, misheppnud áform og brotnir draumar.

Listamennirnir

Nawal Abdallah (f. 1951) • Jórdaniu

Nawal Abdallah var innvigð í heim myndlistarinnar á vinnustofu Muhamma Durra í Amman áður en hún hót formlegt myndlistarnám í Flórens þaðan sem hún útskrifaðist 1979. Próttmikil afstraktverk hennar sem minna á yfirmáttúrelegt landslag eru uppfull af svipmíklum og ótrúlega hvatskeytlegum strokum en litur, birta, efnisáferð og línumteikning hafa jafnmikilvægu hlutverki að gegna í myndmötun hennar.

Nasr Abdul Aziz (f. 1941) • Palestinu

Nasr Abdul Aziz lauk námi sínu í byggingarlist í Moskvu árið 1963 en fluttist síðan til Kairó þar sem hann lagði stund á myndlistarnám og útskrifaðist 1968. Árið 1980 lauk hann æðra prófi í kvíkmyndalist í Kairó. Í málverkum sínum sem einkennast af þaulgusaðri myndbyggingu færir hann efnivíð sem tengist þjóðernismálum með próttmíklum hætti í myndrænan og stilfærðan búning þar sem þögnin er ríkjandi í drungalegum litum og sterkelegum figúrum.

Abed Abidi (f. 1942) • Palestinu

Málarinn, myndhögvarinn og barnakennarinn Abed Abidi stundaði myndlistarnám í Dresden. Hann er frumkvóðull í palestínskri myndlist og var fyrsti Palestinaðurinn til að komast inn í Tel Aviv, höfuðvigi ísraelskraar myndlistar, og syna verk sín á einkasýningu þar árið 1962. Verk hans tjá hugarangur í þöglu andrófi gegn því persónulega og þjóðernislega örættlæti sem hann hefur mátt bola, með einfaldri línumteikningu og formi, í liki kross, og miðg sparlugri litanotkun.

Abdul Jabbar Alghadban (f. 1953) • Barein

Abdul Jabbar Alghadban stundaði myndlistarnám í Damaskus. Hann fæst við myndefni sem tengjast stöðu kynjanna, sýnir konur í óraunverulegu umhverfi og hneppir þær í táknað fangelsi þar sem sjáanlegar og imyndaðar skorður samfélagsins binda hendur þeirra.

Aziz Ammoura (f. 1944) • Jórdaniu

Málarinn og myndlistarkennarinn Aziz Ammoura lagði stund á myndlistarnám í Bagdad og Bandaríjunum. Ammoura er áhugasamur kennari og hefur kenni mörgum nemendum á mismunandi aldri í vinnustofu sinni og í listadeildinni við Yarmouk-háskólan. Ammoura hefur próðað með sér frumlegan stil í skrautskriftarmálun sem byggist á arabísku skrifletri en myndirnar eru afstraktverk þar sem gegnsar litarlög eru málud hvert yfir annað. Leikni hans með vatnsliiti kemur greinilega fram í ollumálverkum hans þótt miðillinn einkennist af ógegnsæi.

Nabil Anani (f. 1943) • Palestinu

Nabil Anani er málari og leirkarasmíður sem stundaði myndlistarnám í Alexandriu. Í verkum sínum vinnur hann með stilfærðar verur í þjóðbúningum, þjóðsagnminni og palestínsk útsaumsmunstur. Þau eru hnitmiðuð í myndbyggingu og yfir þeim er andblær eftirsjár. Með því að nýta sér palestínska alþýðulist tjáir hann andstöðu sina við hernámið og leggur áherslu á menningu þjóðar sinnar sem Israel reynir að gera tilkall til.

Hachemi Azza (f. 1950) • Marokkó

Hachemi Azza er afbragðs myndristumaður á öllum svíðum þeirrar listar. Hann stundaði myndlistarnám í Tetouan og Brüssel. Hann notar lit í öllum blæbrigðum í surrealistum messótintum sínum sem gefa hugboð um hið óræða og dauðann en á fagurfræðilegum forsendum og hann skirkotar til þjóðfélagsmála á persónulegan og forvitnilegan hátt.

Farid Belkahia (f. 1934) • Marokkó

Farid Belkahia nam myndlist í Paris (1954–1959) en lagði síðan stund á leikmyndahönnun í Tékkó-slovákiu. Þegar hann sneri aftur til Marokkó árið 1962 var hann ráðinn forstöðumaður École des Beaux Arts í Casablanca (1962–1974) og hann er stofnandi Marokkóska listaskólangs í Casablanca. Hann tók að nýta sér alþýðleg takn, tölur, arabísku skrautskrift og stafi úr skrifletri Berba. Verk Belkahia eru óhlutbundin, hlaðin þjóðsagnafigúrum og táknsaei. Hann málar þau á handteygt skinn og notar henna og önnur náttúruleg litarefni eins og sumaq og saffran í staðinn fyrir ollu- og akrylliti, líkt og hefðbundnr handverksmenn sem vinna með leður og vefnað.

Karima Ben Othaman (f. 1972) • Jordaniu

Hún nam í ýmsum listastofnum á Italiu, þar á meðal Listaakademíunum í Flórens, Bologna og Milánó. Í „Fiskamynndröð“ sinni gæðir hún hvern fisk tilteknun mannlegum eiginleikum, bæði í gamni og alvóru, og færir áhorfandann inn í veröldina á bak við spegilinn í „Lisu í Undralandi“.

Kamal Boullata (f. 1942) • Palestinu

Kamal Boullata er fæddur og uppalinn í Jerúsalem, en stundaði myndlistarnám í Róm og Washington D.C. Árið 1968 settist hann að í Bandaríkjunum og kenndi við Georgetown-háskólan. Hann er rithófundur og bókmenntagagnrýnandi og hefur ritstýrt fjölmögum ljóðasöfnum. Boullata tók að starfa í anda skrautritunarskólangs í myndlist á niunda áratugnum. Hann einbeittir sér að óhlutbundnum verkum sem byggjast annaðhvort á ljóðlist síða eða þjóðernissinnuðum slagordum. Þau eru í sterku og ágengum litum og einlítum blaðbrigðum.

Taha Boustani (f. 1950) • Irak

Taha Boustani iðkar skrautritun og lýsingu í anda tyrkneska skóla í islamskri skreyti- og bókerðarlist. Í þessu verki vann hann með Hiliye Shaerifeh sem hefur að geyma lýsingu á huga og últiti Múhameðs spámanns, byggist á tyrkneska dæminu og er talin gefa sanna mynd af Spámanninum.

Raad Dulaimi (f. 1963) • Irak

Raad Dulaimi er verkfræðingur og sjálfmenntaður myndlistarmaður. Hann beitir skrautritun í verkum sínum þar sem hann meðhöndlar hefðbundna skrift á nútímalegan hátt. Hann notar hið gamla kúfiska skrifletur innan ýmissa geometriskra forma til að túlka trúarlegan texta innan samtímalegrar myndmótunar.

Issam El-Said (1939–1988) • Írak

Issam El-Said var málari, hönnuður, arkitekt, listsagnfræðingur og sérfraðingur í islamskri list. Hann nam byggingar- og myndlist í Cambridge og Hammersmith í Englandi. Hann teiknaði fjölmargar moskvur, innan sem utan, þar á meðal aðalmoskvuna í London og İslömsku menningarmiðstöðina. Hann bjó og starfaði í London frá 1958 til dauðadags. Hann var meðal fyrstu arabísku listamannanna til að beita skrautskrift í nútímalistaverkum. Frá sjóunda áratugnum hafa næstum öll verk hans að geyma skrautskrift eða íslamska hönnun í einu eða öðru formi. Þótt hann notaði hefðbundið arabískt skrifletur í verkum sínum beitti hann nútímalegum aðferðum.

Ali Omar Ermes (f. 1945) • Libyu

Hann er ljósmyndari, málari og rithófundur og nam í Englandi. Ermes litur á notkun arabískrar skrautskriftar í verkum sínum sem þátt í islamskri menningu sem bætir nýrrí vidd við alþjóðlega nútímalist og áhorfandinum þarf ekki að vera læs á arabísku til að geta notið þeirra. Hann notar stafi sina og setningar sem myndræna þætti í verkunum.

Muhsin Fadle (f. ekki vitað) • Egyptalandi

Muhsin Fadle er innanhússarkitekt og nam við Hulwan-háskóla í Kairó þar sem hann kennir nú. Þegar hann hóf myndlistariðkun tók hann að nota arabísku stafi og táknum sem grafiska þætti í nútímalegu persónulegu skriftletri sem hann nýrir sér við gerð margbrotinna afstraktverka sem samanstanda af einlítum og samtengdum flötum.

Mustafa Fathi (f. 1942) • Sýrlandi

Hann nam myndlist í Damaskus og París. Hann starfar í anda nútímalega skrautritunarskólangs í arabískri myndlist og málar afstraktverk úr leturtáknum sem hann dreifir yfir myndflötinn svo minnir á plægða akrana í landi hans á haustin.

Ali Ghaddaf (f. 1947) • Jemen

Hann nam í Budapest, sérhæfði sig í veggmyndum og mosaikverkum og lagði síðar stund á leirkerasmiði, gullsmiði og listaverkavíðgerðir á Italiu og í Sovétríkjunum fyrverandi. Hann hefur búið í Hollandi frá 1989. Afstrakt-expressjónisk verk hans, með sterku litaandstæðum og víxlanlegum formum bera vott um þrótausa og ákafa leit að altæku og órædu marki.

Paul Guiragossian (1926–1993) • Libanon

Paul Guiragossian var brautryðjandi í nútímalist í Libanon. Hann stundaði myndlistarnám á Ítalíu. Sviplausar tígulegar mannverur hans virðast bera himininn uppi með hreyfingum sínum og miklum líkamsburðum, en dökku linurnar sem umlykja ljósleit form þeirra gæða verkið, sem visar til þjóðfélagslegra hugtaka, spennu og þrótti.

Ali Hassan (f. 1956) • Katar

Hann nam ætimyndagerð í Kairó. Einlitar skrautritunaruppstillingar hans eru gerðar úr siendur-teknium stófum og orðum í margvislegri formraðni hrynjandi og mismunandi þéttleika. Þannig nýtir hann sér myndræna vidd arabiska stafrófsins til að skapa óhlutbundin og ljóðræn verk.

Muhammad al-Jouqi (f. 1939) • Jórdaniu

Al-Jouqi er hefðbundinn skrautritari sem lærdi sína grein snemma á sjötta áratugnum. Árið 1954 var hann skipaður skrautritari í jordánska hernum og árið 1985 opnaði hann sína eigin stofu. Frá þeim tíma hafa verk hans verið höggvin í Stein og prýda þau fjölmargar moskvur í Amman. Al-Jouqi fylgir hinum hefðbundna tyrkneska skóla í arabiskri skrautritun og lýsingu við gerð einstakra kalligrafiska verka sem yfirleitt hafa að geyma trúarlegan texta.

Haidar Khalid (f. 1971) • Irak

Haidar Khalid útskrifaðist frá Listastofnuninni í Bagdad og hóf síðar kennslu við sömu stofnun jafnframt því sem hann stundaði framhaldsnám. Ágeng afstraktverk hans berá sterkan keim af þýskri afstraktlist hvað varðar stil og dýrfa litameðferð.

Mohamed Omer Khalil (f. 1936) Súdan

Mohamed Omer Khalil er afbragðs myndristumaður og prentari sem stundaði nám í Myndista- og handíðaskólanum í Khartoum. Síðar hefur hann kennið við skólann. Hann býr í New York þar sem hann vinnur og kennir. Stórar ætimyndir hans byggjast á munstrum og táknum í mórgum lögum sem sprottin eru úr nánasta umhverfi hans, óháð því hvar hann er staddur í heiminum, og bera þess merki að hann er óbundinn af þjóðerni sínu og uppruna.

Khaled Khreis (f. 1956) • Jórdaniu

Hann nam fyrst myndlist í Kairó, síðan málalist, höggmyndalist og veggmyndagerð á Spáni. Hann sótti námskeið í höggmyndalist og grafik á Ítalíu og hélt áfram nái i Mexikó. Hann lauk doktorsritgerð í listasögu um arabiska skrautritun í nútíma myndlist við Háskólan í Barcelona árið 1994. Málverk Khreis eru í senn vitsmunaleg og myndræn. Þótt hann móti myndir sinar með haegð og natni er hann óbundinn af hvers konar fyrirframgefnun hugmyndum. Þó berá óhlutbundin skrautritunarverk hans vott um agaða og næma tjáningu þar sem tilfinningar og vitsmunir eru jafnþung á metunum hvað útkomuna varðar.

Rachid Koraichi (f. 1947) • Alsír

Rachid Koraichi stundaði myndlistarnám í Alsír og París. Hann er afbragðssnjall grafíklistamaður og bekktustu verk hans eru stórar einlitar ætimyndir í sepiu og svarthvítar myndir með kalligrafiskum bakgrunni og sterkum táknum og aflögudum myndefnum í forgrunni. Verkin minna á tákni Berba og kinverska burstamálun og fela í sér tjáningarárríkt þjóðfélagslegt og pólitískt andóf gegn óréttlæti, fjöldamordum og hernámi.

Nja Mahdaoui (f. 1937) • Túnis

Nja Mahdaoui nam myndlist og nútímalistasögu í Túnis og grafíkska list í Róm. Hann hefur þróað með sér persónulegan skrautritunarstíl þar sem hann nýrt sér myndræna eiginleika arabískrar stafagerðar til að skapa geometrisk verk. Hann tekur kúfiska bókstafi og leikur sér að því að breyta þeim í myndræn tákni þar sem hann notfærir sér fjaðurmagn þeirra og sveigjanleika til hins ýtrasta. Hann gædir rittákn sin lifi með hrynjandi formsins, í frjálsri og óheftri myndmótnum.

Nassar Mansour (f. 1967) • Jórdaniu

Nassar Mansour er meðal fremstu skrautritara í Jórdaniu. Hann nam íslömsk fræði, íslamska myndlist og byggingarlist í heimalandi sínu. Hann hefur numið arabiska skrautritun hjá hinum fræga tyrkneska skrautritara, Hasan Chalabi. Þótt Mansour leggi stund á hefðbundna skrautritun eru kalligrafisk verk hans nútímaleg í byggingu þar sem trúarlegum orðum og setningum er teft fram andspænis litarflötum svo þau gefa til kynna landslag hugsans.

Suleiman Mansour (f. 1947) • Palestínu

Hann stundaði listnám í Jersúalem, en kenndi síðan myndlist í Galileu og Ramallah þar til hann byrjaði að kenna við Bir Zeit-háskólan í Ramallah. Tilfinningarík verk hans sem sýna palestínskt fólk í hefðbundnum klæðnaði beina sjónum að því hvar rætur listamannsins liggja en tjá um leið þögla andstöðu við hernámsöflin í landi hans með því að leggja áherslu á mannlega eiginleika þjóðar hans.

Hassan Massoudy (f. 1944) • Írak

Hassan Massoudy er hefðbundinn skrautritari sem hlaut þjálfun í Bagdad en stundaði síðar myndlistarnám í París og varð því sannur kalligrafískur málari í bæði klassískum og nútímalegum skilningi. Hann hefur sent frá sér fjölmargar bækur á arabísku og frónsku um þróun, fagurfræði og tækni arabískrar skrautritunar. Verk Massoudys einkennast af hreinleika í þeim skilningi að einu byggingareiningar heira eru skrautritunárn sem hann notar annaðhvort sjálfstæð eða safnar þeim saman í fíguráttum form. Erindi úr ljóðum bylgjast svo þau mynda sveigðar útlínur nakinnar konu, þau þéttast og dreifast og mynda ljós og skugga, en hver stroka og lína mynda bókstaf og bókstafirnir verða að erindum og erindin að mannsmynd.

Ahmad Moustafa (f. 1943) • Egyptalandi

Ahmad Moustafa nam myndlist í Alexandriu, en síðar þróaða prentmyndagerð í London og lauk þáðan doktorsþrópi árið 1989. Hann hefur búið í London frá 1974, þrátt fyrir að hafa hlotið þjálfun í nútímalegri fíguráttum myndlisti hefur Moustafa náð tökum á klassískri kalligrafiu og nýtir sér aldagamlar hefðir hennar til að þroa sinn eigin stil. Í verkum Moustafa leggjast á eitt hæfileikar og frumleiki og meistaraleg færni og þjálfun.

Abdel Latif Mufiz (1950–1994) • Barein

